



*Sveitarfélagið Garður
sem áfangastaður ferðamanna*

*Höfundur
Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir
Kt: 130681-4179*

*Lokaritgerð til BA gráðu í ferðamálafræði við
Háskólann á Hólum*

Haust 2012

Skóli:	Hólaskóli – Háskólinn á Hólum
Deild:	Ferðamáladeild
Fag:	BA - lokaritgerð
Heiti verkefnis:	Sveitarfélagið Garður sem áfangastaður ferðamanna
Verktími:	19. mars – 23. september 2012
Nemandi:	Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir
Leiðbeinandi:	Bergþóra Aradóttir
Upplag:	2
Blaðsíðufjöldi:	46
Fjöldi viðauka:	2
Staður og dagsetning:	Hólar 23. september 2012
Úgáfu- og notkunarréttur:	Opinn

Staðfesting lokaritgerðar til BA gráðu í ferðamálafræði

BA ritgerðin : Sveitarfélagið Garður sem áfangastaður ferðamanna

eftir : Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir kt: 130681-4179

hefur verið metin fullnægjandi samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Hólum.

Hólum, _____

Umsjónarmaður lokaverkefna

Leiðbeinandi

Abstract

Tourism in Iceland's rural areas has been growing in recent years and small towns and villages have become interesting tourist destinations, where nature and culture play a big role in the experience of the tourist. The municipality of Garður is located on Suðurnes and has had virtually no tourism in the recent years. However, awareness is rising among local people and an interest to build up a powerful service for travellers is growing. The main objective of this study was to determine whether the municipality Garður could become an interesting destination for tourists and whether it is prepared to receive an increased number of tourists. This study uses qualitative research methods where existing data is utilized along with a semi-structured interviews. The researcher used Butler's life cycle that shows the hypothetical evolution of a tourist area to analyze which level the structure of tourism in Garður has reached and where it should be heading. The destination image model by Gunn was also used to realize what services the municipality must have in order to receive the increased number of tourists. The conclusion shows that the municipality Garður is just emerging as a tourist destination and has a long way to go to achieve specified performance, that it requires the participation of local people and its neighbour communities has to be good, from conception to implementation.

Keywords: Tourism in rural area, destination, destination development, attraction, municipality Garður.

Ágrip

Ferðaþjónusta í dreifbýli hefur farið vaxandi síðustu ár og eru litlu bæjarfélögin á landsbyggðinni orðin áhugaverðir áfangastaðir fyrir ferðamenn en þar spilar náttúra og menning stóran þátt í upplifun ferðamanna. Í Sveitarfélaginu Garði sem staðsett er á Suðurnesjunum hefur lítil sem engin ferðaþjónusta verið á síðustu árum. Vitundarvakning er þó á meðal bæjarbúa og er mikill áhugi á því að byggja upp öfluga þjónustu fyrir ferðamenn. Meginmarkmið með þessari rannsókn var að athuga hvort Sveitarfélagið Garður gæti orðið áhugaverður áfangastaður fyrir ferðamenn og hvort það er tilbúið að taka á móti auknum fjölda ferðamanna. Í rannsókninni var notast við eiginlegar rannsóknaraðferðir þar sem fyrirbyggjandi gögn voru nýtt ásamt hálfstýrðum viðtölum. Unnið var með lífsferilslíkan áfangastaðar eftir fræðimanninn R.W. Butler, til að átta sig á hvaða stigi sveitarfélagið er í uppbyggingunni og hvert það eigi að stefna. Einnig var stuðst við framboðsmódel C. Gunn, til að átta sig á því hvaða þjónustu sveitarfélagið þarf að hafa til að geta tekið á móti auknum fjölda ferðamanna. Niðurstöður sýna fram á að sveitarfélagið Garður er á byrjunarreit og á langt í land með að ná tilsettum árangri og þarf þátttaka bæjarbúa og samvinna við nágrannasveitarfélögin vera góð allt frá hugmyndavinnu að framkvæmd.

Lykilhugtök: Ferðaþjónusta í dreifbýli, áfangastaður, þróun áfangastaða, aðdráttarafli, Sveitarfélagið Garður.

Þakkarorð

Ég vil þakka viðmælendum mínum fyrir góðar móttökur og hlýlegt viðmót. Þá vil ég þakka foreldrum mínum og allri fjölskyldu minni fyrir góðan stuðning meðan á náminu stóð, þá helst dætrum mínum Amalíu Sigurrós og Freyju Kolbrá fyrir einstaka þolinmæði. Sérstakar þakkir fær vinkona mín Svava Guðrún og systir mín Sólrún Jóna sem hafa stutt við bakið á mér, hvatt mig að krafti og haldið mér við efnið. Að lokum þakka ég leiðbeinanda mínum, Bergþóru Aradóttur fyrir góða og skýra leiðsögn við gerð þessarar rannsóknar.

Efnisyfirlit

Abstract	3
Ágrip.....	4
Þakkarorð	5
Myndaskrá.....	7
Töfluskrá	7
Inngangur	8
Fræðileg umfjöllun.....	11
Ferðaþjónusta í dreifbýli	11
Áfangastaður	14
Þróun áfangastaðar	15
Sveitarfélagið Garður	18
Stærð og lega.....	18
Náttúrufar	18
Saga	19
Staðan í dag.....	20
Ferðaþjónusta í sveitarfélaginu	21
Ferðaþjónusta í nágrenni	23
Samgöngur	23
Gögn og aðferðir	24
Framkvæmd rannsóknar	24
Niðurstöður rannsóknar.....	26
Úrvinnsla viðtala	26
Framboð áfangastaðarins Garðs	29
Lífsferill áfangastaðarins Garðs	30
Svót – greining	31
Umræður og ályktanir	34
Lokaorð	37
Heimildaskrá	38
Munnlegar heimildir.....	42
Viðauki 1	43
Viðauki 2	44

Myndaskrá

Mynd 1: Líkan C. Gunn, helstu þættir sem áfangastaður þarf að bera.....	11
Mynd 2: Lífsferill áfangastaðar R.W. Butler.....	16

Töfluskrá

Tafla 1: SVÓT-greining fyrir sveitarfélagið Garð.....	29
-------------------------------------------------------	----

Inngangur

Ferðaþjónusta í dreifbýli er mikilvægur þáttur í því að styrkja efnahag og skapa fjölbreyttari atvinnugrundvöll fyrir svæðin. Þegar talað er um dreifbýli er átt við bæði sveitir og litla byggðakjarna vítt og breytt um landið. Hugtakið dreifbýli er því andstæðan við þéttbýli. Samkvæmt Hall (2005) er það staðreynd að með hverju árinu sem líður eykst fjöldi ferðamanna og fjölbreytileiki í ferðaþjónustu, sem opnar þá möguleika á því að fleiri svæði í heiminum geta orðið að áfangastað fyrir ferðamenn. Undanfarin ár hafa orðið breytingar á eftirspurn ferðamanna til áfangastaða og er aukin eftirspurn eftir óspilltum svæðum og dreifbýlli stöðum. Ferðaþjónustan getur bætt sjálfsmynd íbúa lítilla áfangastaða og auðgað þar bæjarlíf samfélagsins jafnt sumar sem vetur. Ferðaþjónustan skapar atvinnu, færir samfélaginu hagnað og byggir upp aukið þjónustustig í bænum sem heimamenn geta nýtt sér (Hall, 2005).

Í dag standa flest lítil sveitarfélög frammi fyrir verulegum áskorunum varðandi þróun ferðaþjónustunnar almennt með því að byggja upp ímynd þeirra og sérstöðu og draga fram það sem laðar ferðamenn að. Í dreifbýlinu verður sérstaða aðdráttaraflsins enn mikilvægari en á þéttbýlli stöðum þar sem fjölbreytt afþreying og þjónusta er í boði. Umráð yfir aðdráttarafli er ekki trygging fyrir að ferðaþjónusta blómstri í litlum sveitarfélögum heldur liggur velgengnin frekar í því hvernig til tekst að taka á móti auknum fjölda ferðamanna og hvernig eigi að koma upplýsingum um sérstöðu svæðisins til skila til ferðamannsins.

Eins og flestir vita þá hefur ferðaþjónusta fengið byr undir báða vængi á síðustu árum og er orðin ein af meginstöðum íslensks efnahagslífs og er mikilvægt að byggja á þeim styrkleika sem fyrir er, samhliða því að efla markaðssetningu. Félagsauðurinn er einn þátturinn sem er mikilvægur fyrir hvert bæjarfélag og ræður miklu um almenn búsetuskilyrði og samkeppnishæfni. Miklu máli skiptir að til staðar sé menntun, félagsstarf og lýðræðisleg þátttaka beggja kynja í stefnumótun og framtíðarsýn bæjarfélags. Eitt af sem hefur jákvæð áhrif í byggðaðróun eru menning og listir og hafa svæðisbundnir menningarsamningar reynst vel og hafa stutt við fjölbreytta menningar,- og listastarfsemi víðsvegar á landsbyggðinni. Með eflingu menntunar á sviði skapandi greina má nýta menningarsamninga og vaxtasamninga og koma á fót samstarfi við þekkingar,- og menningarsetur í heimabyggð, framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum sem finna má víða um landið (Byggðastofnun, 2012-a).

Í skýrslu frá Ferðamálastofu, Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum sem gerð var í mars 2011 kemur fram að aukning ferðamanna til Íslands er að jafnaði um 5,3% á milli ára. Erlendir ferðamenn koma langflestir með flugi um Flugstöð Leifs Eiríkssonar (Ferðamálastofa Íslands, 2012). Samkvæmt skýrslunni má sjá að Ísland er nokkuð vinsæll áfangastaður ferðamanna og

sækja þeir flestir í náttúru, sögu og menningu. Sveitarfélagið Garður sem ritgerðin fjallar um er í um 10 km fjarlægð frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, og gæti sveitarfélagið nýtt sér þessa auknu fjölgun ferðamanna og unnið að því að laða þá til sín þar sem finna má einstaka náttúru, sögu og menningu.

Garður er sveitarfélag í dreifbýli sem staðsett er á Suðurnesjum á nyrsta odda Reykjanesskagans og er á jaðarsvæði í þeim skilningi að vera ekki í alfaraleið. Helsti atvinnuvegur sveitarfélagsins er sjávarútvegur, fiskvinnsla og ekki síst grunnskólinn sem er einn stærsti vinnustaður bæjarins. Stjórnendur bæjarins og íbúar þess hafa því verið að leita í ný tækifæri og hefur ferðaþjónustan verið að ryðja sér braut hægt og rólega inn í samfélagið. Mikið af ferðamönnum eiga leið í Garðinn en stoppa þar stutt við því mikið vantar upp á þá þjónustu sem ferðamenn þurfa. Mikil hugmyndavinna hefur verið á síðustu árum hvernig byggja eigi upp góða þjónustu og aðgengi og hvernig megi nýta ímynd svæðisins til að laða til sín fleiri ferðamenn. Byggðasafn hefur verið á svæðinu síðan árið 1995 og árið 2005 var byggt við safnið og er nú veitinga,- og kaffihús á efri hæð safnsins. Hefur safnið dregið til sín fjöldan allan af ferðamönnum. Tvö ný gistiheimili hafa einnig verið opnuð í Garðinum og hefur það farið vel af stað og mikil aðsókn hefur verið á þeirri þjónustu. Sveitarfélagið þarf þó nýja nálgun á ferðamenn, fleiri þjónustuþætti til að fá þá til að stoppa lengur í bænum. Ferðaþjónustan er nokkuð ný af nálinni hjá sveitarfélaginu og eru vonir bundnar við það að með því að styrkja ímynd bæjarins og nota hana ásamt því að draga fram það góða aðdráttarafl sem er til staðar sé hægt að byggja upp öflugna ferðaþjónustu og ný atvinnutækifæri fyrir bæjarbúa.

Litið er á ferðaþjónustu sem drifkraft fyrir byggðaðróun. Til að byggðin geti þróast með jákvæðum hætti er mikilvægt að góð samstaða sé á milli íbúa og allra hagsmunaaðila. Bæta þarf samkeppnishæfni og nýsköpun þar sem byggt er á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis. Styrkja þarf grunnstoðir atvinnulífsins og er því gerður svokallaður vaxtarsamningur sem miðar að því að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins (Vaxtarsamningur Suðurnesja, 2012).

Meginmarkmið þessarar ritgerðar er að skoða hvort grundvöllur sér fyrir því að Sveitarfélagið Garður geti orðið áhugaverður áfangastaður fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda og er megin rannsóknarspurningin svo hljóðandi: *Býr Sveitarfélagið Garður yfir því sem þarf til að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu?*

Í upphafi ritgerðar er farið í fræðilega umfjöllun um ferðaþjónustu í dreifbýli. Síðar verður fjallað um áfangastaði. Farið verður yfir þá einkennandi þætti sem áfangastaður þarf að bera til þess að geta byggt upp öflugna ferðaþjónustu. Síðar er svo fjallað um þróun

áfangastaða ásamt því hvernig lífsferli áfangastaða er háttað. Í næsta kafla verður fjallað um Sveitarfélagið Garð. Stuttlega verður farið í stærð og legu sveitarfélagsins, náttúrufer, sögu sveitarfélagsins og hver staðan er í dag ásamt því hvernig samgöngum er háttað. Að því loknu er fjallað um þá aðferðafræði og gögn sem notuð voru við gerð þessarar rannsóknar. Gerð verður grein fyrir framkvæmd rannsóknarinnar, hvernig gagnasöfnun var háttað, vali á þátttakendum ásamt úrvinnslu á henni. Í kjölfarið verða niðurstöður rannsóknarinnar settar fram. Farið verður yfir úrvinnslu viðtala og kynntar niðurstöður úr framboðsmódeli C. Gunn til að átta sig á því hvað sveitarfélagið hefur að bjóða ferðamönnum. Þar á eftir verður greint frá á hvaða stigi Sveitarfélagið Garður er í lífsferli áfangastaðar. Síðar verður farið í að greina Sveitarfélagið Garð með SVÓT- greiningu sem höfundur vann með bæjarstjóra Garðs. Umræður og ályktanir koma í kjölfarið og lýkur höfundur ritgerðinni með lokaorðum.

Til þess að nálgast meginrannsóknarefnið vinnur höfundur með nokkrar undirspurningar: Hver er ímynd svæðisins? Hvert er meginádráttaraflíð? Hver er sérstaða svæðisins? Hvaða þjónusta er í boði fyrir ferðamenn? Hvernig er annarri þjónustu háttað? Hver er afstaða sveitarstjórnarmanna og íbúa til uppbyggingu ferðaþjónustu? Hvernig er samgöngum háttað? Hvernig er ferðaþjónustu í nágrenni við Garð háttað? Hvaða áhersla er lögð á ferðamál? Höfundur styðst við fyrrgreindar spurningar og er þeim svarað í niðurstöðukafla.

Fræðileg umfjöllun

Þegar mikilvægi og gildi ferðaþjónustu í dreifbýli eru rannsökuð þá er nauðsynlegt að greina áfangastaðinn og rýna í hvaða þætti verður að leggja áherslu á til að byggja upp ferðaþjónustu. Hér er áherslan lögð á Sveitarfélagið Garð. Í fyrstu er farið í að skoða ferðaþjónustu í dreifbýli og hvernig það kom til. Næsti verður farið í að skilgreina hvort sveitarfélagið geti orðið að áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn. Hér verður fjallað um það hvað áfangastaður einn og sér þarf að bera til að byggja upp og standa að ferðaþjónustu og er notast við framboðsmódel fræðimannsins C. Gunn, (2002). Síðar verður farið í hvernig ferðaþjónusta þróast í dreifbýli með því að rýna í lífsferilslíkan fræðimannsins R. W. Butler, (1980).

Ferðaþjónusta í dreifbýli

Með breyttum kröfum ferðamanna um áfangastaði hafa dreifbýl svæði sem oft búa að mikilli menningu og sögu orðið verulega vinsæl. Hafa vinsældir gert það að verkum að skilgreina varð betur hugtakið ferðaþjónusta í dreifbýli í heild sinni. Hugtakið dreifbýli er skilgreint á mismunandi hátt en það hugtak beinir sjónum sínum þó aðallega á þéttleika byggðar og íbúafjölda á hverju svæði fyrir sig. Dreifbýl svæði eru orðin eitt helsta aðdráttarafl í ferðaþjónustu um heim allan og er einn mikilvægasti þáttur í nýrri markaðsáætlun ferðaþjónustunnar. Hugmyndin um ferðaþjónustu í dreifbýli kom fyrst fram árið 1994 í skjali frá Organization for Economic Cooperation and Development (OECD) og var markmiðið með umfjölluninni að koma dreifbýlustu svæðunum til bjargar (Georg, Mair, og Reid, 2009:8). Hnattvæðing vekur upp áhyggjur þess eðlis að sérstaða menningar eða sérstakra atvinnuhátta séu að þurrkast út og að það verði helsta verkefni dreifbýlisstaða að sporna gegn þeirri þróun (Georg, Mair, og Reid, 2009:99).

Fyrr á öldum mynduðust þéttbýliskjarnar í nálægð við góð fiskimið sem gaf fólki ærna ástæðu til að setjast þar að og í blómlegum landbúnaðarhéruðum skapaðist þörf fyrir þjónustu, verslun og úrvinnslu. Uppbygging þeirra þéttbýliskjarna var grundvölluð á staðbundnum framleiðsluþáttum. En síðustu áratuginu hefur þróunin verið sú að dregið hefur úr þjónustuhlutverkum þessara byggðakjarna á landsbyggðinni vegna bættra samgangna. Þar kemur ferðaþjónustan til sögunnar sem mikilvæg atvinnugrein fyrir landsbyggðina í dag því hún byggir á notkun aðfanga sem ekki er hægt að flytja úr stað, eins og náttúrufegurðin. Fegurð náttúrunnar og sögulegar minjar eru mikilvægar auðlindir sem geta staðið undir byggð um allt land. Ferðaþjónustan hefur hlutfallslega yfirburði vegna landfræðilegra aðstæðna og

mikill vaxtarbroddur er í flestum byggðum landsins. (Edward H. Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarssdóttir, 2009:38).

Í byggðaáætlun fyrir árin 2009-2013 segir að athygli hafi beinst að þróun byggðastefnu yfir í þriðju kynslóð byggðastefnu og hefur sú þróun verið í þá átt að leggja áherslu á sérkenni svæða og fjölbreytileika þeirra. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar var mótuð fyrsta byggðastefnan og beindist hún að því að jafna efnahagsskilyrði innanlands með undanþágum, styrkjum og hagrænum aðgerðum (Byggðastofnun, 2009). Síðar óx byggðastefnan með alþjóðavæðingunni á 10. áratugnum og fylgdu auknar kröfur um meiri samkeppnishæfni og vöxt og færðust þá áherslur yfir á að efla svæðisbundin vöxt sem leiddi til að útbúnir voru vaxtarsamingar fyrir hvert svæði fyrir sig. Þar með var verið að efla frumkvæði, forystu og ábyrgð landshlutanna og opna ný tækifæri fyrir þriðju kynslóð byggðastefnu þar sem athyglin beinist fyrst og fremst um sérstöðu og vaxtarskilyrði hvers landshluta fyrir sig (Byggðastofnun, 2009). Almenn séð eru grunnstoðir í íslensku efnahagslífi sterkar og býður landið upp á gott aðgengi að hreinum orkugjöfum, ríkulegum auðlindum og menntuðu vinnuafli auk þess sem samfélagslegar grunnstoðir eru sterkar. Þessar aðstæður gefa landinu góð og mikilvæg tækifæri til að vinna sig úr öllum þeim erfiðleikum sem geta komið upp hverju sinni. Byggðaáætlun hefur það hlutverk að byggja á frumkvæði, á auðlindum og þeim mannauði sem við búum yfir á landsbyggðinni og nýta byggðalegan fjölbreytileika. Skilgreina þarf sérkenni landsvæða, auðlindir þess og nýta sóknarfærin. Einnig þarf að vinna að markmiðum og samhæfa opinberar áætlanir ásamt því að draga úr líkum á ágreiningi og hámarka samvirkni (Byggðastofnun, 2009).

Ferðaþjónusta hefur vaxið mikið og er orðin mikilvæg atvinnugrein ekki síst fyrir landsbyggðina þar sem hún skapar aukna fjölbreytni bæði í afþreyingu og atvinnulífi. Eftir því sem ferðamönnum fjölgar gefst landsbyggðinni svigrúm til að byggja upp ný verslunar- og þjónustufyrirtæki sem heimamenn geta einnig nýtt sér. Má sjá þessa þróun með því að fara út fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem finna má veitingastaði, kaffihús, söfn og ýmsa afþreyingu sem hefur auðgað mannlífið og skapað fjölbreytni í atvinnu (Ásgeir Jónsson, 2004:60). Samkvæmt ársskýrslu ferðamálasamataka Íslands fyrir árið 2010 kemur fram að starfsfólk í ferðaþjónustu á Suðurnesjum eru um 2.100 yfir sumartímamann en um 1.600 yfir vetrartímamann sem er um 15% af vinnuafli á Suðurnesjum (Ferðamálasamtök Íslands, 2010). Í samantekt um hagtölur í íslenskri ferðaþjónustu sem kom út í apríl 2012 kemur fram að hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu árið 2009 hafi verið 5,9% en aðeins 4,6% árið 2008 sem sýnir mikinn vöxt á milli ára. Eins kemur fram í samantektinni að störf í ferðaþjónustu árið 2009 hafi verið um 8.500 eða um 5,2% af heildarfjölda starfa á landinu öllu sem gefur skýra mynd af hvað

ferðapjónustan er mikilvæg atvinnugrein fyrir landið (Oddný Þóra Óladóttir, 2012:8). Markvisst er unnið að því að auka ferðamannastrauminn til svæða utan höfuðborgarinnar og lengja ferðamannatímann og þarf því að nýta þann mannauð sem við búum yfir til að geta tekist á við aukna fjölgun ferðamanna. Vitað er að erlendum ferðamönnum hefur fjölgað gífurlega síðustu ár hingað til lands og sækjast þeir fyrst og fremst í náttúru og menningu landsins. Samkvæmt samantekt Oddnýjar Þóru segir frá könnun sem gerð var á ferðamönnum sumarið 2011 hvaða áhrifaþættir það væri á ákvörðun þeirra að ferðast til Íslands og kom í ljós að mikill meirihluti svarenda eða 79,7% sögðu að náttúran heillaði mest og þar á eftir nefndu um 39% íslenska menningu og sögu (Oddný Þóra Óladóttir, 2012:11). Það hefur einnig verið bent á að þar eru ýmsir ónýttir möguleikar og hefur mikið verið unnið að því að tvinnna þessa tvo þætti saman, íslenska náttúru og menningu þjóðarinnar. Þess þarf þó að gæta að hugað sé að þolmörkum svæða og brýnt sé að móta landnýtingaráætlun á hverju svæði fyrir sig (Fólk og fyrirtæki, 2003:188; Svandís Svavarsdóttir, 2010; Alþingi, 2010).


Þróun efnahags og búsetu í dreifbýli hefur verið með svipaðu móti á Íslandi og er í hinum vestræna heimi á síðustu áratugum þar sem dregið hefur smám saman úr vægi framleiðslugreina í dreifbýlinu með tilheyrandi fækkun starfa og fólksfækkun. Ferðapjónusta í hinum hnattvædda heimi þýðir ekki eingöngu nýjar kröfur heldur einnig ný tækifæri, nýir áfangastaðir til að ferðast til, ný menning til að kanna, nýjar vörur og aukin reynsla neytenda. Dreifbýlið sem tekst á við alþjóðavæðinguna snýr sér að ferðapjónustunni í von um að geta viðhaldið efnahagsmálum sínum. Margir heimsækja dreifbýlin til þess að tengjast og endurupplifa gamla tíma, finna ræturnar og upplifa þann einfaldleika sem ræður ríkjum. George o. fl. (2009) telja að þeir sem flytja í eða heimsækja litlu þorpin og afskekktu staðina séu þeir sem eru að flýja hnattvæðinguna og flýja stressið sem fylgir hinu daglega lífi. Ferðamenn eru sífellt að leita að einhverri sérstæðri upplifun. Þau svæði sem búa yfir slíkri upplifun hvort sem það tengist náttúru, sögulegum minjum, hefðum og siðum eða blöndu af þessum þáttum, reyna hvað þau geta til að koma sinni einstöku sérstöðu á framfæri til að laða að sem flesta ferðamenn. Jafnframt er reynt að fjölga afþreyingarmöguleikum á ákveðnum svæðum, t.d. með því að gefa gömlum húsum ný hlutverk eða með því að gera út á ímynd staðarins. Eftir því sem aðsókn ferðamanna eykst þá er farið í fleiri framkvæmdir á svæðinu til að veita aukna þjónustu. Þá vex hættan á því að það aðdráttarafl sem laðaði að í upphafi geti þar af leiðandi glatast þegar umsvifin á svæðinu eru orðin mikil (Georg, Mair, og Reid, 2009:146-157). George o. fl. (2009) segja að við uppbyggingu ferðapjónustu sé mikilvægt að taka tillit til og styðja við alla þætti samfélagsins, efnahagslega, félagslega, menningarlega og umhverfislega og er nauðsynlegt að sú uppbygging feli í sér þátttöku allra hagsmunaaðila;

fjárfesta, ferðapjónustuaðila, stjórn sveitarfélaga og allra íbúa samfélagsins, strax frá hugmyndastigi. Innan verkefnahópsins er mjög mikilvægt að hafa aðila sem bera hag samfélagsins fyrir brjósti en einnig er mikilvægt að hafa aðila sem hafa góða þekkingu á ferðamennsku (Georg, Mair, og Reid, 2009:223).

Áfangastaður

Hugtakið áfangastaður er erfitt að skilgreina og ekki til nein nákvæm skilgreining á því en samkvæmt orðabók Snöru er áfangastaður „Hvíldarstaður, náttstaður eða lokaáfangi á ferðalagi“ (Snara, 2012). Einnig má nefna hugtakið staður en það er mjög viðtækt orð og eru margskonar tilfinningar tengdar því (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2007:85). Er almennt viðurkennt að ímynd áfangastaðar samanstendur af trú, hugmyndum og þeim áhrifum sem maðurinn hefur á áfangastað sem er mikilvægur og áhrifaríkur þáttur í markaðssetningu (Tasci og Gartner, 2007:420). Áfangastaður þarf að hafa gott aðdráttarafl til að geta dregið til sín ferðamenn og má segja að aðdráttarafl sé að mörgu leyti undirstaða áfangastaðarins. Til að fá ferðamenn til að koma á tiltekinn áfangastað þarf hann að vekja áhuga, hafa fallegt umhverfi og bjóða upp á upplifun fyrir ferðamenn sem þeir almennt leitast eftir. Ímynd áfangastaðar er skilgreind sem hugarásand einstaklings, skoðanir, þekking, tilfinning og almenn upplifun á tilteknum áfangastað (Chen og Tsai, 2006). Aðdráttaraflið getur veitt aukinn aðgang að skemmtun og slíkt aðdráttarafl byggist á ímynd svæðisins, sögunni og byggðinni í heild. Með aðdráttarafli er því hægt að byggja upp þá þætti sem ferðamaðurinn sækist í og auðgað þjónustu til þeirra (Page, 2009:344).

Clare Gunn er þekktur fræðimaður innan ferðamálafræðinnar sem hefur þróað fjöldan allan af líkönum tengd áfangastöðum sem sýnir það hvað áfangastaður þarf að innihalda til að byggja upp ferðapjónustu. Í einu líkaninu sem sjá má hér fyrir neðan vekur hann athygli á fimm megin þáttum í framboði til ferðamanna sem lítil bæjarfélög geta haft í huga þegar byggja á upp áfangastaði. Fyrsti þátturinn snýr að aðdráttarafli, en áfangastaður þarf að hafa eitthvað sem laðar ferðamenn að. Í öðru lagi eru það samgöngur svo hægt sé að komast á milli svæða. Þjónusta er þriðji þátturinn en mikilvægt er að hafa góða aðstöðu fyrir ferðamenn. Fjórði þáttur snýr að því að veita góðar og haldbærar upplýsingar og það fimmta sem er hvað mikilvægast til að koma svæðinu á kortið er góð markaðssetning (Gunn, 2002:34-35).




Mynd 1. Líkan Gunn, helstu þættir sem áfangastaður þarf að bera.
 Heimild: Gunn, 2002:34.

Samkvæmt skilgreiningum Gunn er áfangastaður land, svæði, samfélag eða staður. Aðrir fræðimenn eru almennt sammála um að áfangastaður sem ætlaður er fyrir ferðamenn verður að innihalda þá þætti eins og Gunn setur fram auk annarra þátta. Þeir þættir snúa að gestrisni, viðbót við staðbundið aðdráttarafl, gisting og gott aðgengi. Einnig er fjallað um að blanda saman eiginleikum svæðisins svo sem umhverfi og umfang þróunar á svæðinu og ekki síst ef það fellur vel að samfélaginu, félagslega og efnahagslega (Georg, Mair og Reid, 2009:97).

Þróun áfangastaðar

Fræðimaðurinn Butler (1980) skiptir þróun á uppbyggingu ferðaþjónustu í mismunandi stig sem kallast lífsferill áfangastaðar sem sjá má á mynd tvö. Fyrsta stigið er uppgötvun (*e. Exploration*) sem þýðir að ferðamenn eru að átta sig á áfangastaðnum og aðstaða fyrir ferðamenn er í lágmarki. Annað stigið er þátttaka (*e. Involvement*) þá eru íbúar tilbúnir til að gera ráðstafanir og útbúa aðstöðu fyrir ferðamenn. Þriðja stigið er þróun (*e. Development*) farið er þá að auglýsa svæðið sem áhugaverðan áfangastað en þegar fram líður getur þátttaka íbúa og áframhaldandi þróun hnignað hratt ef áætlanir standast ekki. Fjórða stigið snýr að samþjöppun eða styrkingu (*e. Consolidation*) í því felst að heildarfjöldi gesta muni aukast og gæti orðið fleiri en íbúar í heild sem gerir það að verkum að hluti efnahagsins á svæðinu verður bundinn við ferðaþjónustu. Fimmta og síðasta stigið er stöðnun (*e. Stagnation*) sem felur í sér að þolmörk hafi náð hámarki með tilheyrandi umhverfis,- félags,- og efnahagslegum vandamálum. Samkvæmt Butler er ímynd svæðisins enn til staðar en svæðið er ekki lengur áhugaverður staður til að heimsækja. Þegar fimmta stigi er náð er tvennt í stöðnunni sem áfangastaðurinn þarf að glíma við. Ein leiðin er hnignun (*e. Decline*) þá er áfangastaðurinn ekki lengur samkeppnishæfur á markaði. Áfangastaðurinn verður ekki eftirsóttur af ferðamönnum að öllu leyti en gæti verið nýttur í dagsferðir eða helgarferðir ef hann getur þá tekið við stórum hópi fólks. Önnur leiðin er endurnýjun (*e. Rejuvenation*) en

Þeirri leið verður aldrei náð nema að aðráttaraflinu sem ferðaþjónustan byggir á verði fullkomnlega breytt. Aðráttaraflið gæti þá verið útbúið af mannavöldum eða að áfangastaðurinn fylgi samkeppnisaðilum í nágrenninu til að ná sér upp aftur og verða samkeppnishæf á ný (Butler, 1980:6-9).



*Mynd 2. Lífsferill áfangastaðar.
Heimild: Butler, 1980:7*

Viðhorf heimamanna ráðast að hluta til eftir þessum ólíkum stigum lífsferilsins. Lýsingar fræðimannsins Doxy (Lepp, 2007) eru að í fyrstu áföngunum í uppbyggingu eru jákvæð áhrif en breytist síðar í neikvæð áhrif þar sem áfangastaðurinn þróast í átt að stöðnun. Andstætt því sem Doxy segir halda þeir Horn og Simmons (Lepp, 2007) fram að áfangastaður sem fer í gegnum þessi stig þróunar í ferðaþjónustu geti viðhorf heimamanna verið á mismunandi stigum óháð á hvaða stigi þróun ferðaþjónustan er á svæðinu. Dæmi um slíkt er hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir efnahag samfélagsins. Á sama hátt segja þeir Smith og Krannich (Lepp, 2007) að samfélögum er mikið í mun að efnahagsþróunin sé góð og að ferðaþjónustan geti nært samfélagið í heild. Viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu verður því jákvæðari ef efnahagslegur ávinningur hlýst af því að byggja hana upp. Lepp (2007) heldur

Því fram að þeir íbúar sem hafa enga þekkingu á ferðaþjónustu gæti mætt henni með tortryggni, kvíða og ótta. (Lepp, 2007:878). Því er mikilvægt að hafa heimamenn með í ráðum frá upphafi til að hafa stuðning þeirra allan tímann. Viðhorf er skilgreint sem hugarástand einstaklingsins og tilhneiging að tilteknum þætti umhverfis manninn (Wang og Pfister, 2008:85). Á sjöunda áratugnum var athyglinni fyrst beint að heimamönnum og þeirra viðhorf til ferðaþjónustu gerð skil (Vargas-Sánchez, Porrás-Bueno og Plaza-Mejía, 2011:460). Viðhorf heimamanna gagnvart ferðaþjónustu hefur því verið rannsakað af fræðimönnum í yfir 30 ár. Slíkar rannsóknir hafa leitt til skilnings á jákvæðum og neikvæðum áhrifum. Litið er á jákvætt viðhorf sem merki um að félagsleg og menningarleg réttindi og skyldur í uppbyggingu ferðaþjónustu séu uppfylltar og að heimamenn njóti ávinnings og taki virkan þátt í ákvarðanatöku í uppbyggingunni. Ef rannsóknir sýna fram á að viðhorf heimamanna er neikvæð gagnvart ferðaþjónustu þá er afar mikilvægt að koma í veg fyrir þau neikvæðu samfélagslegu áhrif. Sýna þarf heimamönnum fram á þá kosti sem ferðaþjónustan getur gert fyrir svæðið, þannig að ferðaþjónustan fái aftur stuðning þeirra og ferðaþjónustan haldið áfram að vaxa og dafna (Wang og Pfister, 2008:86).

Sveitarfélagið Garður

Sveitarfélagið Garður er lítið bæjarfélag og sem hefur ákveðna sérstöðu sem hægt er að nýta í ferðamennsku. Í kaflanum verður farið yfir stærð sveitarfélagsins og legu þess, þar næst hvernig náttúrufarið er, söguna og hver staða sveitarfélagsins er í dag. Næst er farið í hvaða ferðapjónusta er í boði í sveitarfélaginu, hvaða ferðapjónusta er í nágrenni sveitarfélagsins og síðast er stuttlega farið yfir hvernig samgöngum er háttað.

Stærð og lega

Sveitarfélagið Garður er á suðvesturhorni landsins, á nyrsta odda Reykjanesskaga og nær frá Rafnkelsstaðabergi að innanverðu og út á Skagatá þar sem gamli Garðskagaviti stendur vörð. Sveitarfélagið Garður hét áður Gerðahreppur og er skipt í inn-Garð og út-Garð og á milli þess er Gerðahverfið þar sem þéttbýliskjarninn er stærstur og myndaðist eftir aldamótin 1900. Hér áður fyrr tilheyrði Gerðahreppur Rosmhvalaneshreppi sem náði allt yfir ytri hluta Reykjanesskaga og var hreppurinn stofnaður þann 15. júní árið 1908 (Sveitarfélagið Garður, 2012-a). „Mörkin liggja frá Garðskagatá um Skálareykjar að flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli. Eystri mörk liggja frá flugstöðvarbyggingunni að mörkum heiðinnar fyrir ofan Sandgerði og þaðan í vitann á Hellisgnípu. Garðurinn dregur nafn af Skagagarði“ (Ferlir, 2012). Fræðimenn telja að örnefnið Garður sé dregið af mannvirkinu Skagagarðinum svonefnda er lá frá túngarðinum á Útskálum að Kolbeinsstöðum og Hafurbjarnarstöðum í Kirkjubólshverfi þar sem hann tengdist túngörðum þeirra bæja og má enn sjá leifar hans (Jón Þ. Þór, 1998:13).

Náttúrufar

Landslagið í sveitarfélaginu Garði er nokkuð svipað því sem gerist annars staðar á utanverðum Reykjanesskaga og er jarðsaga þessa tiltölulega vel þekkt og má rekja söguna nokkur hundruð þúsund ár aftur í tímann. Gróðurleysið má rekja til Reykjaneselda sem hófust með neðansjávargosi á árunum 1210-1211. Öskugos varð við Reykjanestá og lagðist mikið öskulag yfir allan skagann sem hafði því áhrif á gróðurfar á svæðinu. Loftslag varð því mjög breytilegt og óstöðugt á þessum tímum. Er veðurfar í dag nokkuð milt en vinda,- og vætusamt. Lítið sem ekkert skjól er fyrir vindum og veðrum og var því mikið um los á jarðvegi eftir öskugosið á fyrri hluta 13. aldar (Jón Þ. Þór, 1998:10; Ingvi Þorsteinsson, 1998:29).

Á tanni, hér yzt á skaganum, þar sem aldan svarrar á þrjá vegu, frá suðri, vestri og norðri, - þar sem hafveðrin svífa að, völdug og þung, - þar sem stormar og steypiregn leika sér öld fram af öld að tæta hvert moldar- og gróðurkorn af hinni staðföstu klöpp, - þar sem vítt sér um flóann og suður og út á Atlantshaf og sjófuglinn leikur sér allt um kring (Gunnar M. Magnúss, 1963:7).

Hér lýsir Gunnar magnaðri náttúru sem sveitarfélagið Garður hefur að geyma. Einstaka náttúruperlu er að finna úti á Garðskaga þar sem ferðamenn geta notið útsýnisins yfir flóann þar sem sést yfir Snæfellsnesfjallgarðinn, Akrafjall, Esjuna og Reykjanesfjallgarðinn. Mikið og fjölbreytt fuglalíf er einnig að finna og er það í stefnuskrá sveitarfélagsins að gera svæðið að paradís fyrir fuglaáhugamenn í samstarfi við Ferðamálaráð. Náttúran í Garðsjó er mögnuð og hefur vakið mikinn áhuga á meðal kafara og mikið er um hvalaskoðun þar sem algengt er að sjá höfrungategund t.a.m. hnýðinga, einnig hrefnur og hnúfubak ásamt því að landselir setjist upp á Skagaflösina eða Lambarifið (Land og Saga, 2009:38).

Saga

Elstu heimildir um Garðinn er að finna í Landnámu en þar segir að Ingólfur Arnarson hafi viljað gefa Steinunni frænku sinni Rosmhvalanes allt fyrir utan Hvassahraun en Steinunn hafi ekki vilja þiggja það og bauð því Ingólfi kápu eða hekluflekkotta í skiptum fyrir landið. Ekki er talið að Steinunn sjálf hafi sest að á skaganum en frásögn landnámu sýnir að nesið hafi verið numið snemma á landsnámsöld, sennilega fyrir árið 890 (Gunnar M. Magnúss, 1963:8). Í gegnum aldirnar hefur verið mikið útræði í Garði enda er þar stutt í fengsæl fiskimið. Um 50 til 60 skip gengu venjulega á vetrartíð og allt yfir 100 skip úr allri Útskálasókn þegar mest lét. Margir aðkomumenn stunduðu sjóinn í Garðsjó og komu þeir víðsvegar af á landinu og voru þá um 288 manns heimilisfastir í Útskálasókn. Það ár 1780 voru alls 55 skip gerð út frá sókninni á vertíðinni auk tveggja aðkomubáta. Opnir vélbátar tóku að ryðja áraskipunum úr vegi á fyrri hluta síðustu aldar og árið 1922 kom fyrsti trillubáturinn í Garðinn. Atvinna minnkaði mikið þegar þilfarsbátarnir komu til sögunnar því í Garðinum voru ekki til nógu stórar og góðar bryggjur fyrir slíka báta enda hafnarskilyrðin mjög slæm. Þess má minnast að alls fórust um 87 einstaklingar úr Garðinum á árunum 1664-1695 í sjóslysum (Gunnar M. Magnússon, 1963:35; Ferlir, 2012).

Með tímanum urðu samgöngur betri og tóku þá Garðmenn að flytja fisk af sínum bátum sem gerðir voru út í öðrum byggðarlögum, í sitt byggðarlag til verka. Eftir 1930 á kreppuárunum jukust fiskflutningar til muna í Garðinn og var fiskurinn því verkaður þar til útflutnings (Jón Þ. Þór, 1998:137). Á árunum 1938-1939 voru þurrkuð um níu þúsund skippund af fiski og alls var þurrkað á um 30 reitum þegar best lét. En þrátt fyrir uppgang í

fiskflutningum fækkaði íbúum í Garðinum á þessu tímabili og stöðvaðist sú fækkun upp úr 1943 en þá tók til starfa Hraðfrystihús Gerðabáta og upp frá því kom hvert frystihúsið á fætur öðru til starfa og voru um 20 fiskverkunarstöðvar starfræktar þar á árunum 1950-1960 (Ferlir, 2012). Árið 1933 hófst rafvæðing í Garðinum og var orkan fengin fyrst frá ljósavélum. Um tíma voru svo vindastöðvar algengastar en rafmagn var leitt um Garðinn árið 1946 frá Sogsvirkjunum (Jón Þ. Þór, 1998:221-22).

Prestar sem þjónuðu Útskálasókn létu allir fræðslumál sóknarbarna sinna miklu máli varða. Síra Sigurður B. Sívertsen þjónaði Útskálasókn í um hálfa öld eða frá árinu 1837 til ársins 1886 og hafði hann forgöngu um stofnun barnaskóla sem tók til starfa í Gerðum árið 1872 og var það fyrsti barnaskólinn á Suðurnesjum og er einn af elstu grunnskólum landsins. Árið 1910 var reist nýtt skólahús af grunni í Gerðalandi þar sem barnaskólinn stendur nú og hófst kennsla þar haustið 1911. Skólinn hefur farið ört stækkandi síðan þá (Gunnar M. Magnúss, 1963:348; Jón Þ. Þór, 1998:160). Blómlegt félagslíf hefur verið lengi í Garðinum en mörg félög hafa starfað um lengri eða skemmri tíma án þess að saga þeirra verði ítarlega rakin hér. Árið 1889 var Stúkan Framför stofnuð en hefur ekki verið starfandi um árabil en þess má geta að félagar hennar reistu samkomuhúsið í Garði. Stofnað var Kvenfélag árið 1917 og hlaut það nafnið Gefn og hefur það félag starfað af krafti frá upphafið og enn er kraftur í kvenfélagskonum í dag. Ungmennafélagið Garður var stofnað árið 1932 og beitti það sér í ýmsum menningar-, og félagsmálum, það stofnaði meðal annars bókasafn sem í dag er bókasafn Garðs, en ungmennafélagið Garður hefur ekki starfað um langa hríð. Slysavarnadeild kvenna var stofnað árið 1934 og starfar enn að afli. Íþróttafélagið Víðir var stofnað árið 1936 þar sem mikill áhugi var á fótbolta og er enn í dag. Verkalýðsfélag var stofnað árið 1937 og tónlistarfélag Gerðahrepps var stofnað árið 1979 (Jón Þ. Þór, 1998:261-69; Ferlir, 2012).

Íbúafjöldi í Garði var kominn í 1.233 árið 2003 samkvæmt tölum Hagstofunnar og árið 2004 urðu tímamót í sögu Garðsins að Gerðahreppur varð Sveitarfélagið Garður og var það staðfest af félagsmálaráðuneytinu ásamt því að staðfesta að sveitarstjóri yrði bæjarstóri, hreppsnefnd yrði bæjarstjórn og í Garði yrði starfandi bæjarráð sem bæjarstjóri hefur yfirumsjón með (Velferðarráðuneytið, 2004; Hagstofa Íslands, 2012).

Staðan í dag

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Sveitarfélaginu Garði síðustu ár og er íbúafjöldinn rétt tæplega 1500 manns. Undirstaða atvinnu í Garðinum er fiskvinnsla en auk þess er fjöldi starfa í þjónustu og iðnaði. Stærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu er grunnskóli

bæjarins. Öflugt leik,- og grunnskólastarf er í Garðinum og eru nemendur í grunnskólanum um 240 frá 1. – 10. bekk og um 80 leikskólabörn á fjórum deildum. Umhverfismál hafa verið í brennidepli í skólastarfinu síðustu ár þar sem vakin er athygli á umhverfisvernd og hafa báðir skólarnir flaggað grænfánanum sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu (Sveitarfélagið Garður, 2012; Gefnaborg, 2012; Landvernd, 2012). Mikið tómstundarstarf er í boði í sveitarfélaginu þ.á.m. tónlistarskóli þar sem kennt er á ýmis hljóðfæri, félagsmiðstöðin Eldingin fyrir ungu kynslóðina og fyrir eldri kynslóðina er aðstaða til tómstundar iðkunar í Auðarstofu. Í byggðinni starfa einnig nokkur félagasamstök s.s. Skátafélagið Heiðarbúar, Kiwanisklúbburinn Hof, Lionsklúbburinn Garður og Söngsveitin Víkingarnir og margt fleira (Sveitarfélagið Garður 2012-a).

Þjónustustig er í meðallagi en hér má finna bankaútibú með hraðbanka, pósthús, elliheimili með hjúkrunardeild, starfsemi eldri borgara, grunnskóla, leikskóla, bókasafn, matvöruverslun, eldsneytissölu, gallerí, bifreiðaverkstæði, lögreglu, byggingarverktaka og iðnaðarmenn af ýmsu tagi. Sundlaug og íþróttamiðstöð með tækjasal er í Garði ásamt sparkvelli með gervigrasi, gras- og malarvöllur til fótboltaíðkunar og 18 hola golfvelli. Slökkvistöð, sjúkraflutningar og sjúkrahús eru í 10 km fjarlægð en í Garðinum er björgunarsveit með sjóbjörgunardeild. Tvö gistiheimili hafa nýlega verið tekin í notkun og tjaldstæði með aðstöðu fyrir tjaldbúa, frístundavagna og húsbíla er úti á Garðskaga til afnota án aðgangseyris. Þar er einnig aðstaða til tæmingar skolptanka. Einn veitingastaður ásamt kaffihúsi má finna úti á Garðskaga sem opið er frá 1. apríl til 1. nóvember ár hvert. Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn er starfrækt í Reykjanesbæ í samstarfi við öll sveitarfélög á Suðurnesjum. Byggðasafn og sýningar eru í bænum (Sveitarfélagið Garður, 2012).

Ferðaþjónusta í sveitarfélaginu

Sveitarfélög þurfa að átta sig á umfangi ferðaþjónustunnar áður en farið er út í miklar framkvæmdir vegna hennar. Sveitarfélög eru misjöfn að stærð og aðkoma þeirra því ólík. Þjónustan er gríðarlega mikilvægur þáttur sem er forsenda fyrir uppbyggingu á ferðaþjónustu því lögbundin verkefni sem tengjast ferðamáli hvíla á sveitarfélögum s.s skipulagsmál, umhverfismál og hreinlætismál sem varða landnýtingu fyrir ferðaþjónustu og ekki síst aðrar atvinnugreinar. Sveitarfélög þurfa fyrst og fremst að huga vel að íbúum sínum og byggja upp starfsemi sem eflir lífsgæði þeirra t.d. í gegnum menningarmál, skólamál og ýmis æskulýðsmál. Slík starfsemi er að sama skapi grundvöllur fyrir því að hægt sé að bjóða ferðamönnum upp á ýmis konar afþreyingu og upplifun (Dr. Edward Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, 2009:48).

Sveitarfélagið Garður hefur að einhverju marki ráðist í stefnumótun og mótað sér framtíðarsýn í ferðamálum og er unnið að því að ferðaþjónusta verði einn af hornsteinum atvinnulífs sveitarfélagsins. Garður þykir einstakur staður til að njóta útivistar hvort sem um ræðir gönguferðir, fjöruferðir, golf, sund eða nestisferðir í skróðgarðinum Bræðraborg sem er einkum fallegur og liggur við Garðbraut, aðalveginn í gegnum Garðinn. Úti á Garðskaga má sjá einstakt útsýni ásamt fjölbreyttu fuglalífi (Sveitarfélagið Garður, 2012-b). Í Garðinum er starfandi byggðasafn sem staðsett er úti á Garðskaga. Safnið er í gömlum útihúsum og var opnað almenningi þann 26. nóvember 1995. Sjö hundruð fermetra viðbygging var svo tekin í notkun á 10 ára afmæli safnsins með veitinga,- og kaffisölu á efri hæð þess. Hér fá gömlu úti húsin nýtt hlutverk sem byggðasafn og eins og George o. fl. (2009) taka fram í kaflanum „Ferðaþjónusta í dreifbýli“ að til að laða að fleiri ferðamenn þarf að koma sérstöðu svæðisins á framfæri og fjölga afþreyingarmöguleikum og gera út á ímynd svæðisins. Á safninu eru margir merkir munir úr byggðasögu Garðs sem tengjast búskaparháttum til lands og sjós. Safnið hefur að geyma að mestu sjóminjar en vélasafn Guðna Ingimundarsonar dregur fram sögu sveitarfélagsins og menningu þess sem er samtengt sjósókninni. Rúmlega 60 vélar eru að finna á safninu og eru af ýmsum stærðum og gerðum og flest allar gangfærar (Sveitarfélagið Garður, 2012-b). Úti á Garðskaga er mikil saga tengd breska hernum sem nam þar land og má finna þar fyrsta flugvöll sem gerður var á landinu og skotgrafir sem gerðar voru til að verja flugvöllinn (Ásgeir M. Hjálmarsson, viðtal 17. apríl 2012). Garðskaginn er líka einstakur staður til að njóta sólsetursins og er sérstök hátíð ár hvert haldin því til heiðurs sem kölluð er Sólseturshátíð sem er vel sótt af íbúum og gestum þeirra. Á veturna er einstök sýning norðurljósanna og eru ferðaþjónustuaðilar farnir að bjóða upp á norðurljósaferðir í Garðinn. Höfnin hefur vakið athygli kafara og hafa þeir sótt mikið í köfun og segja miklar sjávarperlur vera við höfnina og stendur sveitarfélagsins. Eins hefur strandstangaveiðifélagið sótt mikið í Garðinn og stundað þar veiði (Ásmundur Friðriksson, viðtal 17. apríl 2012). Í Garðinum má einnig finna sundlaug sem ferðamenn sækja nokkuð í og verslun. Nýlega hefur verið tekið í notkun tvö gistihús undir sama nafni, Gistihúsið Garður sem staðsett er við Skagabraut 46 og Skagabraut 62a sem er rekið af einni fjölskyldu sem býr í sveitarfélaginu. Í gistihúsunum tveimur má finna 7 íbúðir fyrir 4-8 einstaklinga og eru allar íbúðir með fullbúnu eldhúsi, sjónvarpi og þráðlausri nettengingu. Gistihúsið Garður er einungis í 10 km fjarlægð frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og er boðið upp á akstur til og frá flugvelli (Gistihúsið Garður, 2012).

Ferðaþjónusta í nágrenni

Sveitarfélagið Garður er hluti af Suðurnesjum ásamt fjórum öðrum sveitarfélögum sem hafa ýmis konar afþreyingatengda ferðaþjónustu að bjóða. Í Sandgerðisbæ sem er næst Garði má finna fræðasetur þar sem ferðamönnum gefst kostur á að skoða í návígi hluta af náttúru Íslands. Þar er einnig fjölbreytt fuglalíf, golfvöllur, gönguleiðir og margt fleira (Reykjanes, 2012-a). Reykjanesbær er stærsti þéttbýliskjarni Suðurnesja þar sem ýmis afþreying er í boði fyrir ferðamenn. Þar má nefna Víkingaheima, menningar,- og listamiðstöð í Duus-húsum, Vatnaveröld, skessan í hellinum, hvalaskoðun svo eitthvað sé nefnt (Reykjanes, 2012-b). Grindavík er á sunnanverðum Reykjaneskaga þar sem finna má saltfisksetur, hestaferðir, fjórhjólaferðir, eldfjallaferðir og það vinsælasta sem ferðamaðurinn sækir í, Bláa lónið (Grindavík, 2012). Í Sveitarfélaginu Vogum má finna sundlaug, golfvöll og marga áhugaverða staði til að skoða og ekki síst góðar gönguleiðir (Reykjanes, 2012-c). Úti á Reykjanesinu er margar perlur að finna, t.a.m. Orkuverið jörð, Gunnhver, Reykjanesvitann, brú milli heimsálfa, Brennisteinsfjöll og margt fleira (Reykjanes, 2012-d). Á Suðurnesjum er því ýmislegt að finna og margt hægt að gera sér til afþreyinga. Í sveitarfélögunum fimm má finna, tjaldsvæði, hótél og ýmis gistiheimili ásamt veitinga,- og kaffihúsum. Sveitarfélögin fimm starfa saman í ýmsum málum og vinna undir hatti Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS): „Tilgangur SSS er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélagana og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélagana gagnvart ríkisvaldi og öðrum“ (Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum, 2012-a). Innan SSS er starfandi Menningarráð Suðurnesja þar sem sveitarfélögin fimm standa fyrir öflugru þróunarstarfi í menningarmálum og nýsköpun og styðja við menningartengda ferðaþjónustu (Menningarráð Suðurnesja, 2012).

Samgöngur

Samgöngur hafa batnað til muna frá fyrri tíð og er vegakerfið á Suðurnesjum í heild afar gott með tvöfaldri Reykjanesbraut, Suðurstrandarvegi, Grindarvíkurvegi, Garðskagavegi og Sandgerðisvegi. Áætlunarferðir eru á milli sveitarfélaga alla daga vikunnar og eins býður Gistihúsið Garður upp á akstur til og frá flugvelli. Á komandi árum verður lögð áhersla á að styrkja aðrar samgönguleiðir s.s. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur ásamt reiðvegum fyrir hestamenn. Almenningsamgöngur munu styrkjast enn frekar með auknu umsvifi og uppbyggingu á svæðinu öllu en sveitarfélögin fimm munu vinna sameiginlega að því að styrkja samgöngurnar og að tengingar séu greiðar og öruggar á milli atvinnusvæða og íbúabyggðar (Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum, 2012-b).

Gögn og aðferðir

Eigindleg aðferðarfræði var notuð í þessari rannsókn. Leitast var eftir því að fá dýpri skilning á ferðapjónustu í sveitarfélaginu Garði og mikilvægi ferðamennsku fyrir svæðið og nýtist sú rannsóknarðferð sem notast var við vel við slíkt. Rannsóknin er að mestu byggð upp af söfnun og greiningu fyrirbyggjandi gagna, hvort sem um ræðir bækur, skýrslur, rannsóknir, greinar eða fréttir. Rannsóknina má flokka í frumgögn (*e. Primary data*) og afleidd gögn (*e. Secondary data*). Frumgögn eru þau gögn eða athuganir sem safnað er saman af rannsakanda fyrir rannsóknina sjálfa. Afleidd gögn er upplýsingar og gögn sem safnað hefur verið saman og birt af öðrum úr fortíðinni. Afleiddu gögnin sem nýtt voru eru heimildir úr sögubókum, fræðiritum, skýrslum og af veraldarvefnum. Aðallega var notast við þessa gerð heimilda og safnað var miklum upplýsingum og gögnum í gegnum veraldarvefinn. Hálfstýrð viðtöl (*e. Semi structured*) voru tekin við þrjá einstaklinga og með slíkum viðtölum er verið að afla gagna um það hvernig fólk túlkar umhverfi sitt og aðstæður með því að fylgjast með fólk í daglegu umhverfi þess og taka viðtöl og miða að því að fá viðmælendur til að lýsa reynslu sinni og upplifun. Með slíkri aðferð er lögð rík áhersla á að einstaklingurinn sé virkur túlkandi veruleikans. Niðurstöður úr slíkum rannsóknum verða svo að hugtökum eða þemu sem lýsir hvað er sameiginlegt með reynslu eða upplifun mismunandi hópa eða einstaklinga (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003:220).

Framkvæmd rannsókna

Vinnan við rannsóknina hófst í byrjun árs 2012 og var notast við tvær nálganir. Annars vegar var að rýna í fræðileg gögn og stuðst við mólél sem sýna framboð og lífsferil áfangastaða. Hins vegar var stuðst við viðtöl til að fá dýpri skilning á viðfangsefninu. Spurningalisti var útbúinn til að styðjast við í viðtölum sem sjá má í viðauka eitt. Ákvörðun var svo tekin um hvaða viðmælendur yrðu fyrir valinu útfrá markvissu úrtaki, á endanum voru valdir fjórir viðmælendur. Varð það gert með hliðsjón af rannsóknarspurningum því þeir bjuggu yfir fyrirfram ákveðnum eiginleikum eða viðmiðum sem nýst gætu í rannsókninni. Aðalviðmiðið var að viðmælendur þekktu vel til sveitarfélagsins Garðs, væru búsettir þar, með sterk tengsl við bæinn og hefðu einhverja þekkingu til ferðapjónustu. Ákveðið var að taka viðtal við þá sem hafa beina hagsmuni að gæta til ferðapjónustunnar. Haft var samband við þá í tölvupósti og í síma tveimur til þremur vikum áður og áttu viðtölin sér stað þann 17. – 19. apríl 2012 úti á byggðasafni sveitarfélagsins og í heimahúsi. Viðtölin voru þrjú og tóku um 10 til 13 mínútur. Spurningalisti var sendur í tölvupósti á fjórða viðmælendann þar sem erfitt var að nálgast hann augliti til auglits líkt og gert var í hinum þremur viðtölunum. Viðmælendum var

boðið upp á nafnleynd en ekki var talin þörf á því. Í viðauka tvö má sjá útlistun á viðmælendum rannsóknarinnar, hvaða starfsheiti þeir bera og hvers vegna þeir voru valdir sem þátttakendur rannsóknarinnar. Viðtölin þrjú voru hljóðrituð í tölvu rannsakandans og afrituð orðrétt að þeim loknum. Allir viðmælendur fengu sömu spurningarnar og fólst úrvinnsla gagna í því að rýna og þemagreina bæði afrituð viðtalsgögn og svör úr tölvupósti. Við greiningu gagna var leitast við að finna út hvort einhver atriði kæmu oftar fyrir en önnur og þar með stuðst við það sem verið var að rannsaka. Svör allra viðmælenda voru með svipuðu móti og var forvitnilegt að sjá hversu sammála og jákvæðir þeir allir eru á að byggja upp öflugan ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Niðurstöður rannsóknar

Í niðurstöðum verður fjallað um úrvinnslu viðtala en eins og áður segir tekur rannsóknin til viðtalanna ásamt því að rýna í þau gögn þar sem módel fræðimannanna C. Gunn (2002) og R.W. Butler (1980) eru sett fram í fræðilega kaflanum. Síðar er farið yfir svót-greiningu fyrir Sveitarfélagið Garð og hvernig hún getur nýst í uppbyggingu á ferðaþjónustu.

Úrvinnsla viðtala

Niðurstöður úr viðtölum endurspeglar að mikill vilji er fyrir hendi að ná þeim árangri að gera Sveitarfélagið Garð að áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn. Tekin voru viðtöl við þrjá eintaklinga, Ásgeir Magnús Hjálmarsson forstöðumann byggðasafnsins á Garðskaga, Ásmund Friðriksson bæjarstjóra og Jón Hjálmarsson forstöðumann íþróttamiðstöðvarinnar í Garði. Spurningarlisti var svo sendur á fjórða viðmælendann, Gísla Heiðarsson bæjarfulltrúa og eiganda Gistihússins Garður. Við greiningu og úrvinnslu viðtalanna sá rannsakandinn viss þemu hjá viðmælendum sem voru allir sammála um að ferðaþjónusta yrði mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið. Í fyrstu voru allir viðmælendir spurðir um starf og menntun. Þeir koma úr ýmsum atvinnugreinum og eiga það allir sameiginlegt að vinna við störf sem viðkoma ferðaþjónustu. Allir hafa þeir lokið grunnskólaprófi, hafa tekið einhverja áfanga í framhaldsskóla og sótt ýmis námskeið tengd stjórnun, markaðsfræði og tölvum. Bæði starf þeirra og menntun nýtist nokkuð vel í uppbyggingu ferðaþjónustu og bera þeir allir hag samfélagsins fyrir brjósti en samkvæmt George o. fl. (2009) er það mikilvægur þáttur að þeir sem ætla sér að byggja upp þjónustu fyrir ferðamenn hafi einhverja þekkingu á ferðamennsku. Þriðja spurning snýr að fólksfækkun úr bæjarfélaginu en mikil fækkun hefur verið úr bæjarfélaginu síðustu mánuði vegna minnkandi atvinnu en viðmælendur hafa allir trausta og góða vinnu og una vel í bæjarfélaginu og vilja með ýmsu móti tryggja að í bænum sé næg atvinna til að sporna við frekari fækkun bæjarbúa. Í næstu spurningum komu fram ákveðin þema og svör sem rannsakandi leitaði eftir í upphaf rannsóknar. Viðmælendur voru inntir eftir því hvort að þörf væri á ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og var svar þeirra allra með svipuðu móti en þar kom fram að mikil þörf væri á ferðaþjónustu þar sem að Garðurinn hefði mikla sögu og menningu að bera. Þessum þáttum þyrfti að koma betur á framfæri til ferðafólks. Ferðaþjónusta skapar mikil verðmæti í þeim ferðamönnum sem koma til svæðisins sem skilur eftir sig arð fyrir samfélagið.

Næst kemur að aðráttaraflinu sem er ein af grunnstöðum áfangastaðarins en án þess er svæðið ekki mjög áhugavert. Voru viðmælendur rannsóknarinnar allir sammála um að helsta

aðdráttarafl sveitarfélagsins væri Garðskaginn en eins og Jón segir er „gífurlega mikið af fólki sem kemur út á Garðskaga“. Náttúran og umhverfið í og við Garðskagann hefur svo mikla sögu og segir Ásgeir forstöðumaður byggðasafnsins á Garðskaga að verið sé að vinna að því að koma sögu staðarins betur til skila til ferðamanna og tvinna hana saman við náttúruna með gönguleiðum og merkingum á merkilegum stöðum víðs vegar um bæinn. Bætir hann við að Garðskaginn hafi líka svo margt upp á að bjóða fyrir ferðamenn og nýta þarf svæðið mikið betur en gert er. Ferðamenn sækja mikið á Garðskagann „en þar má finna einn elsta vita landsins sem byggður var árið 1897 og hæsta ljósvita landsins sem byggður var árið 1944“ segir Ásgeir. Þar er einnig einstök náttúruperla með fjölbreyttu fuglalífi og er fyrirhugað að koma upp fuglaskoðunarhúsi fyrir fuglaáhugamenn sem hafa á síðustu árum sótt mikið þangað. Einnig er í boði fyrir ferðamenn strendurnar við Garðskagann, hafið allt um kring og sagan öll um skipströndin sem hafa orðið í og við skagann. Telur hann að þessa þætti mætti spinna saman við umhverfið í bænum og söguna og laða þar með fleiri ferðamenn til svæðisins (Ásgeir M. Hjálmarsson, viðtal 17. apríl 2012).

Spurt var um ímynd sveitarfélagsins en ímynd þess er nokkuð óljós og svolítið falin. Með ímynd áfangastaðar er átt við hvaða áhrif það hefur á ferðamenn sem byggir á trú og hugmyndum þeirra á áfangastaði sem ferðast er til samkvæmt fræðimönnunum Tasci og Garnter (2007). Jón segir að þegar fólk hefur áttað sig á staðsetningu Garðs hafi hann heyrt það á fólki sem kemur að svæðið allt komi þeim virkilega á óvart. Því finnst notalegt andrúmsloftið, friðsælt og snyrtilegt umhverfi. Viðmælendur segja að ímynd sveitarfélagsins sé saga þess, sólsetrið, norðurljósinn og hvað byggðin er dreifð. Ásmundur bæjarstjóri talar einnig um að ímynd svæðisins séu ferskir vindar og að bæjarbúar ættu ekkert að skammast sín fyrir það

...vegna þess að það er fullt af fólki sem finnst gaman að koma hingað til að kljást aðeins við vindinn og útlendingar sem búa þar sem er 40 stiga hiti og logn er alla daga, það er ekki að sækjast eftir sól og sumri hérna, þó það kjósi gott veður en þeim finnst rómantískt að koma hingað í Garðinn.

Mjög vindasamt er á svæðinu sem er alls ekki slæmt því margir ferðamenn sækja í ekta íslenska veðráttu og er Garðurinn kjörinn staður til að „slást við vindinn“ og ekki síst að eiga rómantískar stundir í sólsetrinu eða njóta norðurljósanna á veturna (Ásmundur Friðriksson, viðtal 17. apríl 2012). Viðmælendur voru síðar spurðir að því hvort að ímynd bæjarins væri nýtt sem aðdráttarafl eitt og sér fyrir ferðamenn og var svarað bæði játandi og neitandi. Sveitarfélagið hefur verið kynnt sem góður staður til að búa á, þæginlegt að koma sér fyrir og boðið hefur verið upp á ódýrar lóðir til að byggja á. Hér hefur verið næg atvinna og svæðið sé

mjög fjölskylduvænt. Á síðari árum hafa hlutirnir breyst til batnaðar og unnið hefur verið að því að efla bæinn (Gísli Heiðarsson, tölvupóstur 20. apríl 2012). Þegar líður á viðtölin er spurt hvort að ferðaþjónusta gegni einhverju mikilvægu hlutverki fyrir bæjarfélagið. Viðmælendur svöruðu allir játandi og telja að það sé mjög mikilvægt að fá fólk til að heimsækja svæðið en vinna þurfi að því að fá fólk til að stoppa í lengri tíma. „Við þurfum einnig að horfa í eigin barm og spyrja hvað við getum gert betur, ekki bara sveitarfélagið heldur einstaklingarnir sem búa hér, að hvetja þá til að líta í þennan farveg því margir ónýttir möguleikar eru til staðar“ segir Ásmundur. Hér með þarf að koma upplýsingum til bæjarbúa hvað ferðaþjónustan geti gert bæði fyrir einstaklingana og samfélagið í heild. Einnig þarf að skýra það fyrir þeim hvaða áhrif ferðaþjónustan getur haft á efnahags-, félags, og menningarmál í bænum. Ef heimamenn fá ekki nægilegar og skýrar upplýsingar um áhrif ferðaþjónustunnar getur það leitt til neikvæðra samfélagslegra áhrifa. Meiri umferð gæti orðið um svæðið og hagsmunar árekstrar gætu orðið á milli heimamanna og ferðamanna. Með þessu móti fær ferðaþjónustan ekki þann stuðning sem þarf (Wang og Pfister, 2008).

Vitað er að mikið af ferðafólki kemur í Garðinn en stoppa þar stutt við vegna skorts á upplýsingum um hvað hægt sé að gera á svæðinu. Viðmælendur voru spurðir hvernig fjölga mætti ferðamönnum til svæðisins og voru viðmælendur almennt sammála um að byggja þarf upp betri aðstöðu og þjónustu svo ferðamenn hafi ástæðu til þess að stoppa til lengri tíma og njóti svæðisins til fulls. Eins tala þeir allir um góðar upplýsingar og markvissa markaðssetningu. Viðmælendur voru inntir eftir því hvað hafi tekist vel í uppbyggingu í ferðaþjónustu svæðisins og voru þeir allir sammála að byggðasafn sveitarfélagsins hafi komið öllu af stað. Ef ekkert safn væri á svæðinu væri fátt annað í boði fyrir ferðamenn en það má alltaf byggja á náttúru og sögu. Það varð mikil lyftistöng fyrir bæinn þegar byggðasafnið var opnað árið 1995 og hefur það verið megin viðfangsefni bæjarstjórnar að nota safnið sem aðdráttarafl. Margvísleg verkefni hafa verið unnin til að laða fólk að, t.d. með listaverkefninu Ferskir Vindar þar sem erlendum listamönnum er boðið að koma og vinna sín verk með innblástur úr náttúru og menningu svæðisins. Listaverkefnið Ferskir Vindar var sett á stökk um áramótin 2010-2011, en þá komu í sveitarfélagið listamenn frá 40-50 þjóðlöndum og má finna ýmis listaverk um bæinn eftir þá. Mikill fjöldi sóttu sýningar tengt því og stóð það verkefni aftur yfir sumarið 2012 frá 21. – 24. júní á sama tíma þegar Sólseturshátíð sveitarfélagsins fór fram. Haldnir hafa verið vitatónleikar og margvíslegt tónleikahald í sal skólans og hafa þessi verkefni öll „vakið svolitla athygli og með lengri tíma litið mun það skila tilætluðum árangri“ segja viðmælendur. Einnig tala þeir allir um að kafarar hafa verið

hvattir til að kafa við höfnina og eru þeir kafarar sem koma hingað mjög hrifnir því hér sé einstök sjávarperla að finna og hentar vel til köfunar.

Síðasta spurning til viðmælenda var hvort þeir teldu að það vantaði eitthvað upp á það sem er nú þegar til staðar og voru þeir allir sammála um að auka þjónustu og aðstöðu, koma upp matsölustað sem er opinn allt árið um kring eða „skapa einhverja stemmningu“ segir Jón til að fá fólk til að dvelja til lengri tíma á svæðinu. Töldu þeir möguleikana vera svo ótal marga, nýta þyrfti þá sögu sem bæjarfélagið býr yfir og ekki síst þá náttúrufegurð sem umlykur svæðið og markaðssetja það vel og vandlega. En til þess að það gangi þurfa allir að taka höndum saman og viðmælendur voru allir sammála um að Sveitarfélagið Garður gæti orðið áhugaverður áfangastaður fyrir ferðamenn en á þó langt í land.

Í næsta kafla verður farið yfir hvar Sveitarfélagið Garður stendur samkvæmt framboðslíkani C. Gunn (2002) og í kaflanum þar á eftir verður farið yfir hvað sveitarfélagið er komið langt í lífsferli áfangastaða samkvæmt R.W. Butler (1980). Síðar kemur kafli með svót-greiningu sem sveitarfélagið getur nýtt sem hjálpargagn í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Framboð áfangastaðarins Garðs

Samkvæmt þeim fræðum sem koma fram í upphafi ritgerðar er ferðaþjónusta orðin ein af mikilvægum atvinnuþáttum í litlum bæjarfélögum. Ferðamenn eru farnir að sækja meira í landsbyggðina en áður þekktist og hafa meiri áhuga á náttúru og sögu litlu bæjarfélaganna. Samkvæmt Edward H. Huijbens og Guðrúnu Þóru (2009) eru þessir tveir þættir mikilvægar auðlindir og hefur ferðaþjónustan á landsbyggðinni mikla yfirburði vegna landfræðilegra aðstæðna og er því mikill vaxtarbroddur í litlum byggðum. Ferðaþjónusta yrði mikil lyftistöng fyrir Sveitarfélagið Garð í heild og þarf að vinna markvisst að þeim málum og leyfa öllum að taka þátt í uppbyggingunni. Í byggðaáætlun sem Byggðastofnun gerði fyrir árin 2009-2013 er athygli beint að þróun byggðastefnu og áhersla lögð á sérkenni svæða og fjölbreytileika þeirra. Með byggðaáætluninni er unnið að því að framfylgja frumkvæði bæjarfélaga, nýta auðlindir og styrkja mannauðinn sem til staðar er á hverju svæði (Byggðastofnun 2009). Þá eru vaxtarsamningur gerður fyrir hvert svæði og er það í höndum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að efla og styðja við meðal annars uppbyggingu ferðaþjónustu í byggðakjörnum eins og Sveitarfélaginu Garði og ekki síst að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Fræðimaðurinn C. Gunn (2002) talar um fimm meginþætti framboðs sem áfangastaður þarf að uppfylla til að geta orðið áhugaverður fyrir ferðamenn sem sveitarfélagið getur nýtt sér í uppbyggingu ferðaþjónustu. Það fyrsta er að hafa gott aðdráttarafl en eins og fram hefur

komið þá er Garðskaginn, náttúra sveitarfélagsins og umhverfi eitt af mikilvægasta aðráttarafli Garðsins. Gunn (2002) nefnir einnig að samgöngur eru mikilvægur til að komast á milli svæða og þurfa áhugaverðir áfangastaðir að hafa góðar samgöngur svo vel gangi en samgöngur á Suðurnesjum eru mjög góðar eins og fram hefur komið og stutt er á milli staða. Einnig talar Gunn (2002) um góða og aðgengilega þjónusta við ferðamenn en í Garðinum er ýmis þjónusta sem ferðamenn geta nýtt sér svo sem verslun, veitingar, sundlaug, tjaldsvæði og gististaðir en viðmælendur voru almennt sammála um að sveitarfélagið verði að vera tilbúið að taka vel á móti ferðamönnum.

Í fjórða þætti í framboðslíkani Gunn (2002) er talað um að upplýsingar til ferðamanna séu skýrar og komist til skila. Það þarf að koma því á framfæri hvað sveitarfélagið hefur upp á að bjóða t.d. sögu bæjarins, þá einstöku náttúru sem til staðar er, sólsetrið og ekki síst norðurljósin. Sveitarfélagið hefur komið upp upplýsingaskilti við Rósaselstorg sem sýnir vegalengdina í Garðinn og hvað Garður hefur upp á að bjóða að hluta. Skiltið sést vel þegar ekið er til og frá alþjóðaflugvöllinum. Síðast en ekki síst fimmti þáttur í framboðslíkani C. Gunn (2002) er markaðssetning sem er hvað mikilvægasti þátturinn í líkaninu. Samkvæmt Ásmundi bæjarstjóri mun sveitarfélagið aldrei ná góðum árangri eitt og sér. Samvinna við nágrannasveitarfélögin á Suðurnesjum er mjög mikilvægur þáttur og þarf að auglýsa Suðurnesin sem heild en svo hefur hver sitt svæði sinn segul til að draga fólk að. Samstarf við Markaðsstofu Suðurnesja er mikilvægur þáttur í markaðsetningu svæðisins þar sem unnið er að upplýsingabæklingum ásamt heimasíðu visitreykjanes.is sem nýtist til að koma upplýsingum um sveitarfélagið til skila. Sveitarfélagið hefur alþjóðaflugvöllinn nánast í bakgarðinum og þarf sveitarfélagið að nýta sér þau tækifæri sem felast í því mikið betur en gert er í dag. Ef litið er á líkan Gunn og þá þætti sem Garðurinn hefur upp á að bjóða eru miklir möguleikar fyrir bæinn og íbúa þess að byggja upp góða ferðaþjónustu.

Lífsferill áfangastaðarins Garðs

Ferðaþjónusta í framtíðinni mun gegna mikilvægu hlutverki fyrir sveitarfélagið og er nauðsynlegt fyrir bæinn að fá ferðamenn til að stoppa og skilja eitthvað eftir sig bæði í verslun og þjónustu en það er „það sem vantar í þessu, að skapa aðstöðu svo að fólk stoppi hér lengur við og njóta svæðisins“ segir Jón. Reyna þarf að „beina ferðamönnum hingað með alls konar tilburðum og kynningum með enn öflugri auglýsingum“ meðal annars segir Ásgeir. Í líkani fræðimannsins Butler (1980) er gefin skýr mynd af hvernig áfangastaður getur þróast í jákvæða eða neikvæða átt. Sveitarfélagið Garður er á fyrsta og öðru stigi ferilsins. Fyrsta stigið er uppgötvun (*e. Exploration*) þar sem bæjarbúar eru að átta sig á hvað ferðaþjónustan

hefur upp á að bjóða og að ferðamenn eru farnir að veita sveitarfélaginu áhuga. Annað stigið er þátttaka (*e. Involvement*) en það stig er hvað mikilvægast í ferlinu þar sem allir taki virkan þátt í uppbyggingu ferðaþjónustunnar og að mati viðmælenda mun ekkert ganga í þeim málum nema að allir vinni sameiginlega að verkefnum tengdum ferðaþjónustu. „Hlutirnir munu breytast á næstu árum til hins betra og gætu því skapað fleiri störf“ segir Gísli. Hér með þarf Sveitarfélagið Garður að gera sér grein fyrir því að mikilvægt er að íbúar samfélagsins verði meðvitaðir um þá ferðaþjónustu sem verið er að byggja upp og taki virkan þátt í þeirri uppbyggingu.

Þær voru misjafnar skoðanir viðmælenda þegar þeir voru inntir eftir því hvort bæjarstjórn hafi unnið að því að skapa og móta skýra ímynd fyrir svæðið. Sveitarfélagið hafi nú samt sem áður unnið eitthvað að þeim málum og gert góða hluti en ekki nægilega mikið. Sögðu þeir alla að vilja gerðir að reyna að skapa og móta góða ímynd en það megi alltaf gera betur. Ferðaþjónustan er að þeirra sögn nýtt tækifæri fyrir sveitarfélagið og voru allir viðmælendur sammála um að verið sé að vinna í málum sem tengist ferðaþjónustu eins og hægt er en það mætti leggja meiri kraft í þá vinnu. Til þess að vel takist til er gott að greina sveitarfélagið betur niður og sjá hvar styrkleikur þess liggur, hver veikleikinn þess er, hvaða ógnun stafar að slíkri uppbyggingu og hvaða tækifæri eru til staðar. Hér kemur SVÓT-greiningartækið að góðum notum til að ná tilsettum árangri í uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Svót – greining

Kotler og Keller (2009:89-90) segja að svót greining sé mjög öflug aðferð sem oft er beitt á fyrirtæki en einnig er hægt að beita þeirri greiningu á ýmislegt annað eins og landsvæði eða áfangastaði. Hér er verið að greina áfangastað og felst sú greining í því að setja fram lista með fjórum þáttum sem felur í sér að kortleggja hverjir eru helstu styrkleikar svæðisins, hverjir veikleikar þess eru, hvaða ógnanir steðja að því og hvaða sóknarfæri eru til staðar. Svót greiningin er mjög góð leið til að fylgjast með innra og ytra umhverfi í allri markaðssetningu og getur Sveitarfélagið Garður notið góðs af með því að beita slíkri tækni.

Ekki hefur áður verið gerð svót greining fyrir Sveitarfélagið Garð og vann rannsakandinn að svót greiningunni í samvinnu við Ásmund Friðriksson bæjarstjóra. Hér fyrir neðan má sjá lista yfir þá helstu þætti sem sveitarfélagið þarf að vinna með til að geta í framtíðinni flokkast eða kallað sig sem verðugan áfangastað fyrir ferðamenn, innlenda sem erlenda.

<p>Styrkleikar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sagan • Skagagarðurinn • Garðskagi • Ströndin og fjölbreytt fuglalíf • Alþjóðaflugvöllurinn • Gistiðstaða • Verkefnið Ferskir Vindar 	<p>Veikleikar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skortur á markmiðasetningu • Aðstaða fyrir ferðamenn lítil • Þjónusta lítil miðuð við ferðamenn • Merkingar og leiðbeiningar vantar • Nálægð við höfuðborgarsvæðið
<p>Ógnanir</p> <ul style="list-style-type: none"> • Andvaraleysi bæjaryfirvalda • Bláa Lónið • Höfuðborgarsvæðið • Þjónusta mætir ekki kröfum ferðamanna • Sagan gleymist • Áhugaleysi íbúa • Samkeppni 	<p>Tækifæri</p> <ul style="list-style-type: none"> • Alþjóðaflugvöllurinn • Fjölgun ferðamanna • Náttúran • Menning og saga • Aukin atvinna • Ýmis afþreying • Samvinna við nágrannasveitarfélög

Tafla 1. SVÓT - greining fyrir sveitarfélagið Garð

Styrkleiki

Helstu styrkleikar sveitarfélagsins er öll sú saga sem svæðið býður upp á og sú þekking sem er til staðar á henni. Dæmi um þetta er Skagagarðurinn sem sveitarfélagið er kennt við sem byggt var á landnámsöld og sú saga sem tilheyrir honum. Skagagarðurinn er eitt merkilegasta mannvirki landnámsins. Garðskaginn er safnasvæði með elsta vita landsins, lýðveldisvitanum. Við strendur sveitarfélagsins eru margar manngerðar varir þar sem sjómenn réru til sjós. Fyrsti flugvöllur landsins var lagður úti á Garðskaga, gerður af breska hernum sem nam þar land og þar má einnig finna skotbyrgi eftir herinn og var nýlega gert upp af Sigurði M. Grétarssyni áhugamanni um hernám Íslands. Byggðasafnið dregur að fjöldan allan af gestum, innlendum sem erlendum þar sem finna má sögu suðurnesjamanna á landi og sjó. Garðurinn er eftirsóttur af köfurum vegna fjölbreytts lífríkis við ströndina og má einnig minnst á fjölbreytt fuglalíf og hversu mikil hvalagengd er við ströndina svo ekki síst þau fengsælu fiskimiðin.

Mjög góðar samgöngur eru til og frá sveitarfélaginu og þess má geta að alþjóðaflugvöllurinn er nánast í bakgarðinum sem gerir sveitarfélaginu kleift að nálgast ferðamenn með auðveldum hætti og ekki síst að vera í nálægð við höfuðborgarsvæðið sem er bæði kostur og galli og vert að hafa það ávallt í huga. Í Garðinum er að finna gistiheimili, tjaldstæði, sundlaug, 18 holu golfvöll og góða almenna þjónusta. Mikið hefur verið lagt upp úr menningarmálum á svæðinu og ber þess að geta að verkefnið „Ferskir Vindar“ hafa vakið heimsathygli og má segja að það verkefni sé ein sérstaða í menningarmálum bæjarins.

Veikleikar

Þeir veikleikar sem helst eru til staðar er meðal annars að nokkur skortur er á markmiðasetningu í ferðamálum. Sveitarfélagið þarf að móta sér skýra stefnu og setja sér góð markmið til að byggja upp þá ferðaþjónustu sem sveitarfélagið vill vinna með. Aðstaða fyrir ferðamenn er ábótavant og lítil hefð er fyrir þjónustu við þá. Stofnanir og verslanir miða ekki þjónustu sína við ferðamenn nægjanlega mikið og þarf að byggja upp ákveðna samvinnu á milli allra þjónustuaðila til að ferðamaðurinn hafi vilja til að eyða bæði tíma og fjármunum í sveitarfélaginu. Mikið vantar upp á merkingar, markvissar auglýsingar og góðar leiðbeiningar svo ferðamaðurinn viti hvað hann á að skoða og sækja í. Mikill veikleiki felst í nálægð við stór höfuðborgarsvæðið og hefur það tíðkast að flest allir þeir ferðamenn sem heimsækja Ísland keyra burt af Suðurnesjum og beint til höfuðborgarinnar í leit að áhugaverðum stöðum. Þessu þarf að snúa við og fá ferðamenn til að stoppa á svæðinu og skoða það sem er í boði.

Ógnanir

Stærsti vandi sveitarfélagsins er andvaraleysi bæjaryfirvalda og áhugaleysi heimamanna gagnvart ferðaþjónustu. Snúa þarf vörn í sókn og virkja alla og fá sem flesta til að taka þátt í mikilvægri uppbyggingu í ferðamálum og menningu svæðisins. Ógnunin stafar líka af nálægð við Bláa Lónið og höfuðborgarsvæðið sem leiðir til þess að sveitarfélögin í grennd gleymast. Þjónusta þeirra verslana og stofnana sem eru í bænum mæta ekki þörfum ferðamanna. Ef saga sveitarfélagsins gleymist þá getur farið mjög illa og bærinn hnignað. Samkeppni við önnur svæði er ein ógnunin því er mikilvægt að sveitafélögin fimm taki höndum saman og vinni hart að markaðssetningu, hvert og eitt hafi þá segla til að laða til sín ferðamenn.

Tækifæri

Mörg frábær tækifæri eru að finna á svæðinu og má nefna nálægðin við alþjóðaflugvöllinn sem Suðurnesin öll eiga að nýta sér miklu meira en gert er. Þá má minna á það að erlendum sem og innlendum ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega síðustu ár og eiga eftir fjölga enn frekar og eiga sveitarfélögin fimm að nýta þau tækifæri og bjóða upp á alhliða ferðaþjónustu. Í Garðinum eru sóknarfærin mörg t.d. öll sú náttúra og allt sagnasvæðið á Garðskaga. Breski herinn nam þar land, lagði þar fyrsta flugvöll landsins og útbjuggu skotgrafir til að verja flugvöllinn fyrir óvinum sínum og er vel hægt að gera þeirri sögu betur skil. Samvinna er mikilvægur þáttur í allri uppbyggingu og til þess að ferðaþjónusta verði að veruleika í sveitarfélaginu þá er gríðarlega mikilvægt að vinna saman með öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum að sameiginlegri markmiða- og markaðssetningu svæðisins. Slík samvinna mun verða mikill ávinningur fyrir öll Suðurnesin í heild og mikil lyftistöng fyrir íbúa og hagsmunaaðila.

Í Garðinum er stunduð strandstangaveiði og köfun og felast mikil tækifæri í þeirri afþreyingu þar sem að kafarar og veiðimenn hafa sýnt svæðinu mikinn áhuga en að ýmsu þarf að hyggja og lagfæra aðstöðu tengdri þeirri afþreyingu. Mikið og fjölbreytt fuglalíf er við strendur sveitarfélagsins og hafa margir fuglaáhugamenn lagt leið sína í Garðinn til að fylgjast með fuglunum og ekki má gleyma því að úti á Garðskaga er horft yfir Faxaflóann og þar gefst ferðamönnum tækifæri á að fara í fría hvalaskoðun því hvalirnir synda þar meðfram ströndinni og sýna listir sínar ásamt landselum. Er það einstök upplifun sem vert er að kynna fyrir ferðamönnum. Með aukningu ferðamanna til landsins og samfara því að hafa upp á að bjóða þá stórbrotnu náttúru, menningu, miklu sögu, fuglalífið og vörur úr byggð er mikilvægt að horfa til lengri tíma og gæta vel að þolmörkum svæðisins. Sveitarfélögin fimm þurfa að nýta alþjóðaflugvöllinn mun betur því þá getur skapast aukin atvinna á svæðinu.

Umræður og ályktanir

Markmiðið með þessari rannsókn var að athuga hvort að Sveitarfélagið Garður búi yfir því sem þarf til að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að Sveitarfélagið Garður getur að öllum líkindum orðið einn af mörgum áhugaverðum áfangastöðum sem finna má á landinu öllu. Sveitarfélagið Garður hefur það aðdráttarafl sem þarf til að laða til sín ferðamenn og getur unnið vel að ímynd sinni með samvinnu allra bæjarbúa og hagsmunaaðili í ferðapjónustu. Chen og Tsai (2006) skilgreina að aðdráttaraflið sé undirstaða áfangastaðarins og að ímynd svæðisins sé skilgreind sem skoðun einstaklingsins, þekking, tilfinning og almenn upplifun. Viðmælendur rannsóknarinnar voru allir sammála um að verið sé að nýta ímynd bæjarins sem aðdráttarafl og að Garður hafi verið kynntur sem góður staður til að búa á og þægilegan bæ að heimsækja. Sveitarfélagið Garður hefur mikla sögu og menningu og getur ferðapjónustan skapað mikil verðmæti í þeim ferðamönnum sem koma til bæjarins sem munu skilja eftir sig arðsemi fyrir samfélagið. Sveitarfélagið hefur á síðustu árum unnið að einhverju leiti að því að fá ferðamenn til að sækja Garðinn heim. Góðar samgöngur eru til sveitarfélagsins, þjónusta við ferðamenn er þó í lágmarki og þarf að bæta hana allverulega til að einhver hagnaður náist. Unnið er markvisst að koma upplýsingum til ferðamanna og ekki síst unnið að markaðssetningu að einhverjum hluta í samstarfi við Markaðsstofu Suðurnesja og Sambands Sveitafélaga á Suðurnesjum. Breyttar kröfur ferðamanna um áfangastaði í dreifbýli hafa að undanförunum árum haft mikil áhrif á þróun ferðapjónustunnar samkvæmt Georg o. fl. (2009) en í dag koma ferðamenn hingað til lands í miklu mæli einkum vegna náttúrunnar, menningu og sögu. Sveitarfélagið Garður hefur því gott sóknarfæri í ferðapjónustu vegna náttúrunnar og er Garður mikið

sagnarsvæði allt frá landnámi og þegar breski herinn nam hér land. Sveitarfélagið þarf þó að vinna betur að þessum hlutum og tvinna þessa þætti betur saman með gerð gönguleiða og upplýsingaskilta.

Þéttbýliskjarnar í dreifbýli mynduðust við fengsæl fiskimið og skapaðist þá þörf fyrir aukna þjónustu, verslun og úrvinnslu. Eftir því sem samgöngur urðu betri dróg úr þessari þjónustu og fólksfækkun varð. Samkvæmt Edward H. Huijbens og Guðrúnu Þóru (2009) kom ferðaþjónustan til sögunnar sem ein mikilvæg atvinnugrein fyrir landsbyggðina eftir að hnignun varð á öðrum atvinnuvegum og byggir ferðaþjónustan meðal annars á þeim aðföngum sem ekki er hægt að færa úr stað, náttúrufegurðin. Sveitarfélagið Garður hefur að geyma gríðarlegar náttúru,- og sjávarperlur allt í kringum sig með fjölbreyttu fuglalífi og merkjum náttúruminum. Ásmundur talar um nýjung í ferðaþjónustu sem eru norðurljósaferðir en ferðaþjónustaðilar hafa nú áttað sig á því að Sveitarfélagið Garður hefur einstaka aðstöðu til að sjá ljósín. Hafa þeir verið með sérferðir út á Garðskaga til þess eins að sýna ferðamönnum norðurljósin og hafa komið allt upp í 19 hópbifreiðar í einu út á Garðskaga til þess eins að horfa á þessa mögnuðu sýningu en það sem sveitarfélagið þarf að gera á þessu svæði er að minnka ljósmengunina og „vera gildið í þessum norðurljósaferðum“ (Ásmundur Friðriksson, viðtal 17. apríl 2012). Sveitarfélag sem ætlar að byggja á ferðaþjónustu þarf að spyrja sig hvort til staðar séu nægileg þægindi og traustir innviðir til að byggja á, sem og hvort næg færni í móttöku ferðamanna sé til staðar (Georg o. fl. 2009). Sveitarfélagið Garður mun í framtíðinni ráðast í átak til að kynna sælureitinn Garð og allt það góða sem hann hefur upp á að bjóða segir Ásmundur. Megintilgangur átaksins verður að laða að ferðamenn innlenda jafnt og erlenda svo þeir megi njóta þess sem íbúar sveitarfélagsins eru svo lánsöm að búa við á hverjum degi. Við Rósaselstorg hefur verið reist stórt upplýsingaskilti með þrjár hliðar og sýnir það á skýran og greinilegan máta margt að því sem í boði er hér í Garðinum. Skiltið blasir við öllum þeim sem eiga leið til og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Sandgerði og Garði. Listaverk má finna víða um bæinn eftir listamenn víðsvegar að úr heiminum sem tóku þátt í listaverkefninu Ferskir Vindar. Vinnu þarf að leggja í að merkja þau listaverk og merka staði til upplýsinga fyrir ferðamenn svo þeir geti notið þeirra til fullnustu og geta lesið sér til gagns og gamans um verkin og höfunda. Í framtíðarsýn Garðsins í ferðamálum er meðal annars á dagskrá að auka við þau tækifæri til fjölbreyttar útivistar á Garðskaga með aðstöðu fyrir fuglaskoðun, með gönguleiðum, sjósund og strandblak. Tjaldstæðið á Garðskaga verður áfram opið öllum án aðgangseyris og nýtt tjaldsvæði verður tekið í notkun við íþróttamiðstöðina. Það mun taka mið af þörfum fjölskyldunnar og að þjónusta íþróttahússins nýtist í meira mæli ásamt því að njóta leiktækja á skólalóð og ekki síst þá þjónustu sem í boði

er á miðsvæðis í bænum (Jón Hjálmarsson, viðtal 19. apríl 2012). Átak verði gert í merkingum sögulegra minja og náttúru í samstarfi við einstaklinga sem unnið hafa að þeim málum og að Skagagarðurinn verði byggður upp að hluta og byggt við hlið hans söguskilti (Ásgeir M. Hjálmarsson, viðtal 17. apríl 2012). Áhersla er einnig á að lagfæra höfnina og umhverfi hennar og skapa þar með aðstöðu fyrir strandstangaveiðimenn og kafara. Mikilvægt er að eiga í samstarfi við einkaaðila um uppbyggingu og kynningu á Garðinum sem einstökum ferðamanna,- og áningastað (Ásmundur Friðriksson, viðtal, 17. apríl 2012).

Sveitarfélagið Garður þarf að vinna að krafti til að koma upp öflugri ferðaþjónustu á svæðinu og er ekki í stakk búið til að gera það eitt og sér. Með góðri samvinnu við nágretta sveitarfélögin, góða aðstöðu og markaðssetningu mun Sveitarfélagið Garður ná ríkulegum árangri sem áfangastaður á næstu árum og fá þá fleiri ferðamenn til þess að heimsækja svæðið og stoppa í lengri tíma. En samkvæmt Ásmundi bæjarstjóra „þarf að efla samstarf sveitarfélaganna og auglýsa Suðurnesin í heild sinni, síðar hefur hvert sveitarfélag sitt aðdráttarafl“. Í Sveitarfélaginu Garði spilar sú dreifða byggð, umhverfið og náttúran stórt hlutverk sem hægt er að nýta í ferðaþjónustu. Samfélagið í heild er lykilhlutverkið í þróun ferðaþjónustu og hafa þarf í huga að íbúalyðræðið og samfélagsþróunin eru óaðskiljanlegir þættir og verða að vinna samhliða hvorum öðrum til að allt gangi vel fyrir sig (George, Mair og Reid, 2009:167-168). Markaðsstofa Suðurnesja var stofnuð í byrjun árs 2009 og er tilgangur hennar að innleiða faglegt og samræmt markaðsstarf með ferðaþjónustuaðilum á Suðurnesjum. Öll sveitarfélögin fimm hafa aðgang að Markaðsstofunni þar sem stofan sér um að kynna það sem í boði er í sveitarfélögunum og sér einnig um útgáfu bæklinga, korta og ýmsu öðru efni til kynningar á ferðaþjónustu á Suðurnesjum. Markaðsstofan sér einnig um að hafa samskipti við opinbera aðila í ferðaþjónustu, þar á meðal Ferðamálastofu og Íslandsstofu (Reykjanes, 2012-e). Ásmundur telur að öflugur hópur eigi að geta hrifið með sér íbúa og virkjað þá inn í stefnumótunina þar sem megin áhersla er lögð á skilgreiningu samfélagsins og ekki síst innri greiningu á þeim þáttum sem horft er til sem samfélagið í heild vill byggja á t.a.m. náttúru, sögu og menningu svæðisins. Ásmundur er talsmaður samstarfs sveitarfélaga á Suðurnesjum um ferðamál og heldur því fram að Sveitarfélagið Garður nái engum árangri eitt og sér heldur mun það rísa með auknu samstarfi við nágretta sveitarfélögin og segir að styrkleiki sveitarfélagsins felist í samstöðunni. Hann hefur einnig lagt til við nýja atvinnuþróunarfélagið að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman að ímynd svæðisins og hafi nú þegar stór hópur af fólki verið fundinn til að vinna að þeim málum innan þess félags (Ásmundur Friðriksson, viðtal 17. apríl 2012).

Rannsóknin hefur leitt það í ljós að Sveitarfélagið Garður hefur alla þá burði og getu til þess að verða áhugaverður áfangastaður ferðamanna á næstu árum fyrir ferðamenn og ekki síst heimamenn. Ferðaþjónustan getur því haft góð áhrif á sveitarfélagið með aukinni fjölbreytni í atvinnu, stuðlað að uppbyggingu á innviði svæðisins og ef til vill fengið brottflutna Garðmenn til þess að koma aftur.

Lokaorð

Við vinnu á þessari ritgerð kom það mér á óvart hvað Sveitarfélagið Garður hefur unnið lítið og hægt við það að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu. Mikið af ferðafólki heimsækir sveitarfélagið ár hvert en bæjarbúar verða lítið varir við það því ferðamennirnir stoppa þar stutt við og skilja ekkert eftir sig fyrir samfélagið. Eins og fram hefur komið þá eru margar góðar og skemmtilegar hugmyndir á borðinu hvað hægt sé að bjóða ferðamönnum upp á en eitthvert andvaraleysi er á meðal íbúa að leggja kraft og vinnu í að framkvæma þessar hugmyndir. Íbúar sem ég hef rætt við eru mjög áhugasamir að gera sveitarfélagið að áhugaverðum áfangastað fyrir ferðamenn en samvinnu vantar í það átak og tel ég að það sé á ábyrgð bæjarstjórnar að ýta við íbúum og styðja við þær hugmyndir sem bornar eru fram. Mikil áhersla hefur verið lögð á byggðasafn bæjarins enda hefur það að geyma sögu og minjar bæjarins frá fyrri tímum. Byggðasafnið er staðsett á Garðskaga sem er fjölsótt svæði enda náttúra þess og umhverfi einstakt með öllu eins og Gunnar M. Magnússon (1963) lýsir á sinn einstakan hátt. Ölduniður, hafgolan og allt útsýnið yfir Faxaflóann er upplifun sem enginn ætti að láta framhjá sér fara og ekki síst það litríka dýralíf sem sjá má við strendurnar.

Ég á sterkar rætur að rekja í Garðinn og hef ég alltaf verið stolt af mínum heimabæ. Mig hefur alltaf langað til að fá fólk til þess að njóta þess sem ég bý við á hverjum degi. Að upplifa það sem ég hef upplifað í gegnum árin og koma okkar merku sögu áleiðis til komandi kynslóða. Eftir að ég var búin að kynna mér alla þætti sveitarfélagsins hvað ferðaþjónusta varðar þá er gífurleg vinna framundan og er það von mín að í framtíðinni muni Sveitarfélagið Garður verða fjölsóttur áfangastaður ferðamanna og Garðbúar geta verið áfram stoltir af sinni heimabyggð.

Heimildaskrá

- Alþingi. (2010). Tillaga til þingsályktunar. *Um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á miðhálandinu*. 138. Löggjaraþing 2009-2010. Sótt þann 12. apríl 2012 af <http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/0019.pdf>
- Ásgeir Jónsson. (2004). Að græða á gestakomum: Þjóðhagslegur ábati ferðaþjónustu og hlutverk ríkisins. *Landabréfið 20(1) 2004*. Sótt þann 28. ágúst 2012 af http://www.hi.is/~ajonsson/land/Landabref_2004.pdf
- Butler, R., W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: Implications for management of resources. *Canadian Geographer, xxxiv, 1, bls. 5-12*. University of Western Ontario.
- Byggðarannsóknarstofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2003). *Fólk og fyrirtæki. Um búsetu og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Gutenberg.
- Byggðastofnun. (2009). *Byggðaaætlun 2009-2013*. Sótt þann 25. mars 2012 af http://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdaaetlun1013/Fylgirit_Byggdaaetlunar_11.09.
- Byggðastofnun. (2012-a). Tillaga til þingsályktunar, *um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010-2013*. Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011. Sótt þann 9. apríl 2012 af http://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdaaetlun1013/Thingalyktunartillaga_um_byggdaaetlun_2010-2013_m_athugasemdum_og_fylgiriti.pdf.
- Chen, C. F. og Tsai, D. C. (2006). How destination image and evaluative factors affect behavioral intentions? [rafræn útgáfa]. Department of Transportation and Communication Management Science, National Cheng Kung University, 1, Ta-Hsueh Rd. Tainan, 701, Taiwan, ROC.
- Dr. Edward Huijbens og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2009). *Svæðisbundin markaðssetning, Aðferðir og leiðir*. Rannsóknarmiðstöð ferðamála: Akureyri.
- Ferðamálastamtök Íslands. (2012). *Ársskýrsla 2010. Markaðsstofa Suðurnesja. Pdf skjal*. 28. apríl 2011. Reykjavík.
- Ferðamálastofa Íslands. (2012). *Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum mars 2011*. Sótt þann 10. september 2012 af http://ferdamalastofa.is/upload/files/Ferdatjonusta_i_tolum_mars_2011.pdf
- Ferlir. (2012). *Garður – sveitarfélagið og merkir staðir*. Sótt þann 12. apríl 2012 af <http://www.ferlir.is/?id=3374>.
- George, E. W., Mair, H. og Reid, D. G. (2009). *Rural tourism development : Localism and cultural change*. Bristol: Channel View Publications.
- Gistihúsið Garður. (2012). *Gistihúsið Garður*. Sótt þann 13. apríl 2012 af <http://guesthousegardur.is/is/>.

- Guðrún Þóra Gunnarssdóttir. (2007). Forsíða Íslands: Athugun á Landkynningarbæklingum, í I. Hannibalsson (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, bls. 167-180 (Reykjavík: Háskólaútgáfan).
- Gunn, C. (2002). *Tourism planning. Basics, Concepts, Cases*. Fourth edition. New York.
- Gunnar M. Magnúss. (1963). *Undir Garðskagavita, Héraðssaga Garðs og Leiru*. Reykjavík: Ægisútgáfa.
- Grindavík. (2012). Velkomin til Grindavíkur. Sótt þann 15. apríl 2012 af <http://www.visitgrindavik.is/visit.jsp?a=list&t=todo&lang=is>.
- Hagstofa Íslands. (2012). Talnaefni. *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2012. Sveitarfélagskipan 1. janúar 2012*. sótt þann 29. mars 2012 af <http://hagstofan.is/Hagtolar/Mannfjoldi>.
- Hall, C.M. (2005). *Tourism: Rethinking the social science of mobility*. Harlow: Prentice Hall.
- Ingi Þorsteinsson. (Ritstj.). (1998). *Kynnumst Suðurnesjum*. Fræðsluefni um náttúru og sögu. Keflavík.
- Jón Þ. Þór. (1998). *Gerðahreppur 90 ára. Gerðahreppur: Garði*.
- Kotler, P. og Keller, K. L. (2009). *Marketing Management*. (13. útgáfa). New Jersey: Person Prentice Hall.
- Land og Saga. (2009). Sumarlandið, Mannlíf og ferðaþjónusta á Íslandi 2009. *Sveitarfélagið Garður býður upp á eitt fjölbreyttasta fuglalíf landsins*. 1. tbl. 2. árg.
- Landvernd. (2012). Grænfáninn. Sótt þann 10. apríl 2012 af <http://www.landvernd.is/grafenfaninn/yflokkar.asp?flokkur=1055>.
- Leikskólinn Gefnarborg. (2012). Um leikskólann. Sótt þann 11. apríl 2012 af <http://www.leikskolinn.is/gefnarborg/>
- Lepp, A. (2007). Residents' attitudes towards tourism in Bigodi village, Uganda. *Tourism Management* 28, bls. 876-885.
- Menningarráð Suðurnesja. (2012). *Um Menningarráð*. Sótt þann 6. september 2012 af <http://menning.sss.is/Default.asp?Page=272>
- Oddný Þóra Óladóttir. (2012). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum apríl 2012. Ferðamálastofa. Sótt þann 31. ágúst 2012 af http://issuu.com/ferdamalastofa/docs/ferdatjon_i_tolum_apr_2012?mode=window&backgroundcolor=%23222222
- Page, S. J. (2009). *Tourism management: Managing for change*. Þriðja útgáfa. Elsevier Ltd. USA.

- Reykjanes. (2012-a). Upplifðu Reykjanes. *Þéttbýli og þorp, Sandgerði*. Sótt þann 15. apríl 2012 af <http://reykjanes.is/UpplifduReykjanes/Thettbyliogthorp/Lesa/sandgerdi>.
- Reykjanes. (2012-b). Upplifðu Reykjanes. *Þéttbýli og þorp, Reykjanesbær*. Sótt þann 15. apríl 2012 af <http://reykjanes.is/UpplifduReykjanes/Thettbyliogthorp/Lesa/reykjanesbaer>.
- Reykjanes. (2012-c). Upplifðu Reykjanes. *Þéttbýli og þorp, Vogar*. Sótt þann 15. apríl 2012 af <http://reykjanes.is/UpplifduReykjanes/Thettbyliogthorp/Lesa/vogar>.
- Reykjanes. (2012-d). Áhugaverðir staðir. *Náttúra og dýralíf*. Sótt þann 15. apríl 2012 af <http://reykjanes.is/Ahugaverdirstadir/Natturaogdylif/>.
- Reykjanes. (2012-e). Ferðaupplýsingar. *Markaðsstofa Suðurnesja*. Sótt þann 18. apríl 2012 af <http://reykjanes.is/Ferdaupplysingar/MarkadsstofaSudurnesja/>.
- Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum. (2012-a). *Starfsemi*. Sótt þann 14. apríl 2012 af <http://www.sss.is/Starfsemi/>.
- Samband Sveitarfélaga á Suðurnesjum. (2012-b). *Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024*. Sótt þann 13. apríl 2012 af http://www.sss.is/media/PDF/08182_ssk_greinarerd_111018.pdf.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórssdóttir og Kristján Kristjánsson. (Ritstj.). *Handbók í aðferðarfræði og rannsóknunum í heilbrigðisvísindum*. (Bls. 219-234). Háskólinn á Akureyri.
- Svandís Svavarsdóttir. (2010). *Ávarp umhverfissráðherra á málstofu um umhverfismál og ferðaþjónustu á Grand Hótelu 18. nóvember 2010*. Iðnaðarráðuneytið. Sótt þann 15. apríl 2012 af <http://www.umhverfissraduneyti.is/radherra/raeturoggreinarss/nr/1723>
- Sveitarfélagið Garður. (2012-a). *Um Garðinn*. Sótt þann 29. mars 2012 af http://svgardur.is/um_gard/.
- Sveitarfélagið Garður. (2012-b). Ferðaþjónusta. *Byggðasafn*. Sótt þann 13. apríl 2012 af http://svgardur.is/Ferdathonusta/Byggdasafn_Gardskaga/.
- Tasci, A. D. A. og Gartner W. C. (2007). Destination Image and Its Functional Relationships. *Journal of travel research*, 45, bls. 413-425.
- Vargas-Sánchez, A., Porras-Bueno, N. og Plaza-Mejía, M. D. L. (2011). Explaining residents' attitudes to tourism. Is a universal model possible? *Annals of Tourism Research*, 38, Nr. 2, bls. 460-480 .
- Vaxtarsamningur Suðurnesja. (2012). *Forsíða*. Sótt þann 30. ágúst 2012 af <http://vaxtarsamningur.sss.is/>
- Velferðarráðuneytið. (2004). Fréttatilkynningar. *Gerðahreppur verður Sveitarfélagið Garður*. Sótt þann 29. mars 2012 af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/1443>.

Wang, Y. og Pfister, R. E. (2008). Residents' attitudes toward tourism and perceived personal benefits in a rural community [rafræn útgáfa]. *Journal of Travel Research* 47(1), 84-93.

Munnlegar heimildir

Ásgeir Magnús Hjálmarsson, Forstöðumaður byggðasafnsins á Garðskaga.

Ásmundur Friðriksson, Bæjarstjóri.

Gísli Heiðarsson, bæjarfulltrúi og einn eigandi Gistihússins Garður.

Jón Hjálmarsson, Forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar í Garði

Viðauki 1

Viðtalsrammi

1. Við hvað starfar þú?
2. Hvaða menntun býrðu yfir?
3. Það hefur verið töluverð fólksfækkun síðustu mánuði, hvað er það sem heldur þér og þínum í sveitarfélaginu?
4. Telur þú að það sé þörf fyrir ferðaþjónustu í sveitarfélaginu? Hvers vegna?
5. Hvað finnst þér um þátt sveitarfélagsins í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu?
6. Hver telur þú að ímynd sveitarfélagsins sé?
7. Telur þú að sveitarfélagið hafi unnið að því að skapa og móta skýra ímynd fyrir svæðið?
8. Telur þú að ímynd bæjarins sé nýtt sem aðdráttarafl eitt og sér fyrir ferðamenn? Hvernig þá?
9. Hvað finnst þér vera helsta aðdráttarafl sveitarfélagsins fyrir ferðamenn? Hvernig þá?
10. Telur þú að ferðaþjónusta í dag gegna einhverju mikilvægu fyrir bæinn? Hvernig þá?
11. Hvernig telur þú að fjölga mætti ferðamönnum til svæðisins?
12. Telur þú að eitthvað hafa tekist vel í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu? Hvað þá helst?
13. Telur þú að það vanti eitthvað við það sem er til staðar nú þegar? Hvað þá helst?

Viðauki 2

Tafla 2. Viðmælendur rannsóknar

Viðmælendur	Starfsvið	ástæða fyrir valinu
Ásgeir M. Hjálmarsson	Forstöðumaður byggðasafnsins í Garði	Þekkir mikið til sögu bæjarins og upphafsmaður byggðasafnisns
Ásmundur Friðriksson	Bæjarstjóri Garðs	mikill áhugamaður um listamenningu og ferðaþjónustu
Jón Hjálmarsson	Forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar	Þekkir vel til sögu og menningu bæjarins
Gísli Heiðarsson	Eigandi fiskverkunarfyrirtækis, rekur gistiheimilið Garður og situr í bæjarstjórn	Rekur Gistihúsið Garð og áhugamaður um ferðaþjónustu

